



*Sjómannadagurinn
Bolungarvík*

80 ÁRA AFMÆLISBLAÐ SJÓMANNADAGS BOLUNGARVÍKUR





Sjómannadagurinn Bolungarvík

Sjómannadagur Bolungarvíkur 80 ára

Dagskrá 2019

Miðvikudagur 29. maí

Sjómannadagurinn í Bolungarvík 80 ára – afmælisblað

Þoppstígningardagur 30. maí

14:00 Biskup Íslands vígir orgel Hólskirkju

17:00 Anna Ingimars sýnir ljósmyndir í Ráðhúsi
opið til 20:00

20:00 Þuríðardagurinn í félagsheimilinu

Föstudagur 31. maí

06:00 Musteri vatns og vellíðunar opið til 21:00

17:00 Dorgveiðikeppni á höfninni fyrir krakka á öllum aldri

17:00 Anna Ingimars ljósmyndari í Ráðhúsi opið til 20:00

18:00 Þorskurinn í Einarshúsi

21:00 Hjörtur Trausta og Bjarki á Einarshúsi

Laugardagur 1. júní

10:00 Musteri vatns og vellíðunar opið til 18:00

10:00 Sjóminjasafnið Ósvör opið til 17:00

10:00 Sædýrasýning á höfninni

10:00 Lagt á Djúpið, hátíðarsigling frá Bolungarvíkurhöfn

12:00 Litla hafmeyjan, leiksýning Lottu við félagsheimilið

13:00 Afmælisbaka og Villi Valli

13:30 Sjómannadagskrá með ýmsum þrautum og
skemmilegum leikjum fyrir krakka

15:00 Jógvan og Friðrik Ómar

17:00 Anna Ingimars ljósmyndari í Ráðhúsi opið til 20:00

20:00 Hátíðarkvöldverður í félagsheimilinu

23:00 Sjómannadagsball með Albatross

Sjómannadagurinn 2. júní

10:00 Musteri vatns og vellíðunar opið til 18:00

10:00 Sjóminjasafnið Ósvör opið til 17:00

13:30 Skruðganga frá Brimbrjótum að Hólskirkju

14:00 Hátíðarguðsþjónusta í Hólskirkju,
Kristján Þór Júlíusson predikar, og heiðrun sjómanna

14:50 Blómsveigar lagðir að minnismerkjum sjómanna

15:00 Kaffisala Kvinnadeildar Landsbjargar í félagsheimilinu

17:00 Anna Ingimars ljósmyndari í Ráðhúsi opið til 20:00



ÁVARP

AGNES M. SIGURÐARDÓTTIR

BISKUP ÍSLANDS

Einn mesti hátíðisdagurinn á Ísafirði á mínum uppvaxtarárum var sjómanna dagurinn. Öllum hátíðarhöldunum var komið fyrir á einum degi, fyrsta sunnudag í júní. Við krakkarnir seldum sjómannadagsblaðið og sjómannadagsmerkin dagana á undan og róðrabátarnir Frosti og Fjalar voru komnir á Pollinn nokkru áður til að liðin gætu æft sig fyrir róðrarkeppnina á sjálfan hátíðisdaginn.

Með þessar góðu minningar í huga tók ég þátt í sjómanna deginum í Bolungarvík í fyrsta sinn, árið 1995, 19 árum eftir að ég yfirgaf Ísafjörð. Og viti menn. Margt var líkt með þeim minningum og því sem við blasti í Víkinni. Það var gengið frá Brjótnum fylktu liði til kirkju með fánabera í broddi fylkingar og við Hólsbæinn beið krans til minningar um horfna sjómenn. Kransinn var borinn síðasta spölinn inn í Hólskirkju þar sem karlar leystu kirkjukórinn af á loftinu og oftast en ekki voru sjómenn heiðraðir fyrir störf sín. Á eftir er hin heilaga minningarstund í Grundarhólskirkjugarði þar sem kransar eru settir við minnisvarðana tvo og helg stund er leidd af sóknarprestinum á meðan ættingjar standa við leiði ástvina sinna. Á slíkum degi kvaddi ég sófnuð minn í Bolungarvík árið 2012 eftir 18 ára þjónustu.

Tveir menn koma mér sérstaklega í huga þegar hugsað er til sjómannadagsins. Geir Guðmundsson var sjómanna dagurinn. Hann þekkti allar hefðirnar og var inni í öllum framkvæmdum varðandi daginn og lagði sig fram um að allt færi vel og gleðilega fram. Hálfán Einarsson sem lengi var skipstjóri sagði mér að hann hefði alltaf farið með síðasta versíð úr sálminum „Þú Guð sem stýrir stjarna her“ þegar hann lagði upp í sjóferð. Það er gott að minnast þeirra og allra annarra sem gengið hafa á fund frelsarans á undan okkur héðan úr heimi.



Sjómanna dagurinn tók að nokkru leyti við af 11. maí sem var hinn gamli lokadagur vetrarvertíðar hjá árabátum og síðar vélbátum. Skútur og togarar héldu áfram veiðum til maí loka og var þá farið að undirbúa sumarið. Þótti því byrjun júní mánaðar vel fallin til hátíðarhalda Sjómannadagsins. Fyrsti sjómanna dagurinn var haldinn hátíðlegur í Reykjavík og á Ísafirði þann 6. júní árið 1938. Í Bolungarvík var hann haldinn hátíðlegur ári síðar. Frumkvöðlar þessa dags settu starfinu stefnu. Markmiðið var að vekja þjóðina til meðvitundar um starfssvið sjómanna stéttarinnar, líf skjör og gildi í þjóðfélaginu. Þeirra hugsun var að sjómanna dagurinn yrði hvatning til nýrra viðhorfa og með honum kæmu nýir straumar sem hefðu áhrif á sjómanna félagin og þjóðlífið allt. Dagurinn átti að verða upphafið að því að áhrifa sjómanna gætti meira. Sjómenn vildu vekja athygli á því að afkoma og velmegun þjóðarinnar byggðist á starfi þeirra og að þau verðmæti sem sjómennska og siglingar færðu þjóðarþúinu væru undirstaða menningarlífs í landinu. Einnig vonuðust menn eftir því að

samstarf og skilningur á milli hinna mörgu og ólíku atvinnustétta myndi aukast.

Margt hefur breyst á þessum 80 árum sem sjómanna dagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur í Bolungarvík en manneðlið hefur ekki breyst. Enn býr í brjósti nútímamannsins sú löngun að lifa góðu og gjöfulegi lífi sjálfum sér og sínum til gleði og láta gott af sér leiða til hagsbóta fyrir samfélagið. Sjómenn hafa svo sannarlega mótað samfélagið í Bolungarvík, þessari elstu verstöð landsins.

Til hamingju með daginn ykkar sjómenn og allir Bolvíkingar. Til hamingju með að hafa í 80 ár gert daginn hátíðlegan og eftirminnilegan.

Gleðilegan sjómanna dag!



FJÖREGG HINNA ÍSLENSKU SJÁVARBYGGÐA

Góðu sjómenn og fjölskyldur þeirra,

heimur sjómenskunnar tekur breytingum og oft hugsum við sem komin erum yfir miðjan aldur til baka til yngri ára. Nú er til dæmis verbúðarlífið, sem margir upplifðu, að mestu liðið og heyrir minningunum til. Yngri menn þekkja það helst af frásögnum en störfín breytast og við mótumst af þeim tíma sem við lifum.

Við vitum að Bolungarvík byggðist upp á grunni verbúðanna sem stóðu við sjávarkambinn og hafa Bolvíkingar haldið minningu þeirra á lofti með sjóminjasafninu Ósvör. Við eigum ýmiss minningarbrot önnur um lífið í Bolungarvík fyrr á tímum. Þar má meðal annars nefna ævisögu Theodórs Friðrikssonar sem nefnist í verum. Það er ekki tilviljun að saga Theodórs ber þetta heiti en hann var fimmtán vertíðir í Vestmannaeyjum en auk þess sjómaður víða og þar með talið í Bolungarvík. Hann var alþýðumaður sem lifði meðal annars kjarabaráttu sjómanna á tímum vélvæðingarinnar, sem hófst hér í Djúpinu eftir aldamótin 1900.

Miklar frásagnir eru í bók Theodórs af strangri og hrakningasamri lífsaráttu sjómanna. Bæði um borð í skipum og í verðbúð. Auk þess eru þar merkilegar náttúru lýsingar þar sem honum er meðal annars minnisstæð fjallasýn og



umhverfi Bolungarvíkur, þar sem hann hefur á orði að vetur séu kaldir og harðir. Áður en hann fór á vertíð vestur frá Húsavík, þar sem hann bjó, fékk hann reikning hjá kaupmanni sem fjölskyldan fékk að nota en þröngt var í búí og skortur undir vor, þótt fjölskyldan hefði málnty. Það er hún hélt þá skepnu sem fjölskyldur sjómanna áttu oft og var kölluð kým fátæka mannsins. Það er hún átti geit.

Það að sjómaður sem býr þessar aðstæður og rétt nær með erfiði að framfleyta fjölskyldu

sinni geti skapað slíkt bókmenntaverk sem ævisaga hans er ber órækt vitni um þá menningu sem forfeður okkar og sjómenn sérstaklega hafa búíð að.

Í bók Theodórs segir meðal annars frá því þegar tveir menn tapast af skipi sem er á leið út Djúpið og ekkert verður við ráðið til að bjarga þeim. Slíkar sögur eru svo ótal margar eins og við þekkjum. Sjómennskan var hættulegt og erfitt starf og er það enn þrátt fyrir allar þær breytingar sem við höfum lifað. Mikill fjöldi sjómanna hefur slasast eða farist við störf sín og minnumst við á sjómannadaginn jafnan þeirra fórna sem þessir menn færðu og fjölskyldur þeirra til að sjávarútvægur okkar Íslendinga gæti dafnað og eflst.

Reynsla og menning sjómanna er enn fjöregg hinna íslensku sjávarbyggða og ég er sannfærður um það á þessum degi að svo mun enn verða um langa framtíð.

Ég vil óska sjómönnum og fjölskyldum þeirra um leið Vestfirðingum öllum til hamingju með 80 ára afmæli sjómannadagsins í Bolungarvík.

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Útgefandi

Bolungarvíkurkaupstaður
í samvinnu við Kristín H. Gunnarsson

Ritstjórn

Helgi Hjálmtýsson
Jón Páll Hreinsson
Kristinn H. Gunnarsson

Ritstjórar

Helgi Hjálmtýsson
Kristinn H. Gunnarsson

Útgáfuár

29. maí 2019

Útgáfustaður

Bolungarvík

Ábyrgðarmaður

Jón Páll Hreinsson

Forsíðumynd

Haukur Sigurðsson

Umbrot og prentun

LITRÓF

Umhverfissvottuð prentsmiðja



Ritið er gefið út
í tilefni af 80 ára afmæli
Sjómannadags Bolungarvíkur.



LÍNUÍVILNUN Í BOLUNGARVÍK

Línuívilnun er hugtak sem margir Bolvíkingar og aðrir íbúar á Vestfjörðum þekkja vel. Um er að ræða kvótaívilnun til þeirra sem gera út á handbeitta línu og gerir þeim þannig kleyft að halda úti útgerð sem ýtir undir aukna atvinnu í landi.

Undanfarin ár og áratugi hefur línuívilnun staðið undir fjölda starfa í mörgum sjávarútvegssveitarfélögum og hefur verið forsenda þess að útgerð á handbeitta línu hefur yfir höfuð átt sér stað.

Línuívilnun hefur haft mikil áhrif á atvinnu, samfélag og útgerð í Bolungarvík allt frá því að hún var sett á laggirnar árið 2003. Upphaf umræðunnar um línuívilnun má með sanni segja að hafi hafist í Bolungarvík. Þar var Guðmundur Halldórsson, fyrrum aflaskipstjóri og baráttumaður, fremstur í flokki. Í viðtali við morgunblaðið í janúar 2012 segir Guðmundur svo frá „Við reyndum allt til að vekja athygli á málstað okkar, því tilveruréttur byggðarlaganna var í hættu. Þetta var upp á líf eða dauða,“ sagði Guðmundur. „Eitt árið stóðum við sjóklæddir á Austurvelli með brennandi neyðarblys, í annað skipti stóð ég fyrir fjölmennum fundi á Ísafirði og loks sá ég að ég þyrfti að vinna þetta mál á vettvangi Sjálfstæðisflokksins. Þar var tillaga um línuívilnun naumlega felld í sjávarútvegsgæfni eins landsfundarins, en ég gafst ekki upp og bar tillöguna um línuívilnun upp á sjálfum landsfundinum. Þar hafði ég sigur og ég var stoltur af flokknum.“

Nú er staðan hinsvegar önnur. Breyttar forsendur og ytri aðstæður í umhverfi útgerða í krókaflamarki hafa leitt til fækkunar útgerða sem gera út á handbeitta línu. Þess í stað hefur bátum með beitningavélar fjölgað undanfarin ár og þeir njóta ekki línuívilnunar.

Allt bendir til þess að handbeitning á línu fari verulega minnkandi á næstu árum og hverfi jafnvel þegar fram líða stundir. Það liggur í augum uppi að án útgerðar á handbeitta línu eða uppstokkunar í landi, þá mun línuívilnun

falla niður dauð ásamt störfunum sem henni fylgja.

Allt frá því að línuívilnun var tekin upp að nýju á fiskveiðiárinu 2003/2004 (lög nr. 147 frá 20. desember 2003) hefur verið við það miðað að tilgangur línuívilnunar væri að auka atvinnu í viðkomandi byggðarlögum þar sem línuveiðar hafa verið stundaðar. Handbeitt lína hefur þannig skapað umtalsverðan fjölda starfa allt í kringum landið og hafa smærri útgerðir því geta byggt sig upp með aflaheimildum í tímans rás. Margar fjölskyldur hafa haft af þessu atvinnu og er Bolungarvík það byggðarlag sem hefur átt stærstan hlut að máli. Hefur þar munað um þann viðbótarhlut í línuívilnun ofan á þann kvóta sem útgerðir hafa haft til ráðstöfunar á hverju fiskveiðiári.

Samkvæmt áður nefndum lögum var ákveðið að línuívilnun dagröðrabáta sem réru með handbeitta línu yrði 16% í þorsk, ýsu og steinbít. Var þá gert ráð fyrir að aðeins skyldi takmarka hámarkið í þorski við 3.375 tonn upp úr sjó, en ýsa og steinbítur voru ekki háð takmörkuðu magni.

Með lögum nr. 22 frá 22. mars 2010 var á fiskveiðiárinu 2010/2011 línuívilnunarprósentan hækkuð úr 16% upp í 20% á línu sem handbeitt var í landi og auk þess var ákveðið að bátar með vélbeitta línu, sem stökkuð er upp í landi fengju 15% línuívilnun.

Skiptar skoðanir hafa verið um ágæti línuívilnunar. Telja margir að með því sé verið að umbuna línubátum sem róa með handbeitta línu. Með því sé verið að halda aftur af tæknivæðingu sem er nú þegar til staðar og getur komið í stað mannhandarinnar. Hafa sumir gengið svo langt í gagnrýninni að leggja til að vélar skipanna verði settar í land og mannskapurinn settur undir árar.

Með fullkomnum línubeitningarbúnaði verður kostnaður til lengri tíma mun minni. Hægt er að fullyrða að mannhöndin losnar við óþrífaleg störf, sem vélbúnaður, sem þegar

er til getur vel leyst af hendi. En vissulega er töluverður stofnkostnaður sem þessu fylgir í upphafi.

Þetta er eflaust ein aðalástæða þess að útgerð á handbeitta línu er á undanhaldi. Spá margir því að hún hverfi algjörlega inna nokkurra ára. Verði það raunin að handbeitning línu leggist af þýðir það fækkun starfa í þeim byggðarlögum sem flest störf hafa í kringum beitninguna. Það mun hafa þær afleiðingar að bæjarsjóðir í sjávarbyggðum verða af töluverðum útsvarstekjum. Slíku fylgir hætta á aukinni fólksfækkun, sem ekki er á bætandi.

Því er afar mikilvægt að stjórnvöld grípi til ráðstafana til að verja þau störf sem byggst hafa upp í kringum útgerð á handbeitta línu víðsvegar í kringum landið. Það liggur fyrir að línuívilnun er tryggð í svokölluðum 5,3% potti, þar sem stjórnvöld hafa úr að spila gríðarmiklum aflaheimildum til að tryggja störf í útgerð og vinnslu á landsbyggðinni. Það er skýr krafa okkar að þær aflaheimildir sem nýttar hafa verið til að styrkja rekstrargrundvöll þeirra sem gera út á handbeitta línu muni áfram verða nýttar í sama tilgangi. Nærtækasta leiðin er einfaldlega að þeim aflaheimildum sem áður var úthlutað sem línuívilnun verði úthlutað til viðkomandi sveitarfélaga. Þau geta síðan nýtt fjarmagnið til að styðja við þau störf sem eru að hverfa og til að efla fólk og fyrirtæki til að afla nýrra starfa til framtíðar. Þannig vinna allir.

Bolvíkingar verða því að standa saman í því að þær aflaheimildir sem úthlutað hefur verið hingað til í formi línuívilnunar haldist áfram innan sveitarfélagsins.

Jón Páll Hreinsson,
bæjarstjóri Bolungarvíkur



Jón Páll Hreinsson.



FS: ATVIK-SJÓMENN

ER NÆSTA SKREF Í ÖRYGGISMÁLUM SJÓMANNA

ATVIK-Sjómenn er atvikaskráningarkerfi sem veitir sjávarútvegsfyrirtækjum betri yfirsýn yfir öryggismál til sjós, aðstoðar við að greina mögulegar hættur um borð og stuðlar að úrbótum í vinnuumhverfi sjómanna með markvissum forvarnaraðgerðum. VÍS hefur þróað kerfið í samvinnu við Slysavarnaskóla sjómanna og nokkur leiðandi fyrirtæki í sjávarútvegi.

MFS: Mismunandi tegundir atvika

ATVIK-Sjómenn byggir á fimm mismunandi tegundum atvika sem hægt er að skrá í kerfið. Fyrst er Ábending þar sem hægt er að benda á hættur í vinnuumhverfinu eða verklagi um borð til að koma í veg fyrir að óhapp eða slys verði. Næst kemur flokkur þar sem hægt er að greina frá atvikum þar sem næstum slys eða óhöpp eiga sér stað. Síðan kemur flokkurinn Minniháttar slys en báðir þessir flokkar innihalda oft atvik sem eru undanfari alvarlegra atvika. Því næst er flokkurinn Fjarveruslys sem á við um slys sem leiðir til fjarveru sjómanns frá vinnu í einn dag eða lengur. Að síðustu er flokkur sem kallast Ógn



en þar er hægt að skrá einelti, ógnandi hegðun eða annars konar áreitni sem getur átt sér stað á vinnustaðnum. Kerfið býður líka upp á að vista myndir með hverri skráningu sem getur verið mjög nytsamlegt til að mynda þegar verið er að benda á hættur í vinnuumhverfi eða aðstæður þar sem einhver atvik hafa átt sér stað.

MFS: Sjálfvirkni einfaldar úrvinnslu


Við skráningu á hverju atviki verður sjálfkrafa til skýrsla ásamt myndum. Auk þess er hægt að kalla fram tilkynningaeyðublöð til ýmissa opinberra aðila svo sem Rannsóknarnefnd samgönguslysa, Sjúkratrygginga Íslands og tryggingafélags sem fyllast sjálfkrafa út með þeim upplýsingum sem þegar hafa verið skráðar í kerfið. Slík sjálfvirkni einfaldar alla skriffinsku og úrvinnslu mála. Sömuleiðis lætur kerfið skipstjórnendur og öryggisstjóra vita þegar atvik hefur verið skráð um borð sem og sjómenn sem skráðu atvikið þegar það hefur verið tekið til úrvinnslu eða því lokið með aðgerðum. Þannig eru allir betur upplýstur um öryggi og mögulegar úrbætur um borð. Yfirstjórnendur í landi geta síðan fengið gott yfirlit yfir skráð atvik fyrir allan skipaflotann og einnig sundurliðað niður á hvert skip fyrir sig. Þannig öðlast fyrirtækin ákveðna heildarsýn á stöðu öryggismála til sjós sem hægt er að vinna út frá.

MFS: Stuðlar að bættri öryggismenningu

Óhætt er að segja kerfið hafi fengið mjög góðar viðtökur hjá sjávarútvegsfyrirtækjum og hafa til dæmis Vinnslustöðin, FISK-Seafood, Vísir, Samherji og Þorbjörn þegar byrjað að nota kerfið í sínum skipum. Fleiri útgerðir eru í þann mund að hefja notkun á kerfinu.

ATVIK-Sjómenn var upphaflega ætlað viðskiptavinum VÍS en í kjölfar mikillar eftirspurnar innan geirans var ákveðið að bjóða það öðrum til kaups. Það er engin spurning í mínum huga að ATVIK-Sjómenn er í dag nýjasta og öflugasta verkfærið í öryggismálum sjómanna. Kerfið er nýr liður í að stuðla að bættri öryggismenningu til sjós og styðja við þann góða árangur sem náðst hefur í öryggismálum sjómanna á undanförunum árum.

Gísli Níls Einarsson,
Sérfræðingur í forvörnum fyrirtækja hjá VÍS





Til hamingju með daginn sjómenn

Við óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju með daginn.

Nýjasta verkfærið í öryggismálum sjómanna

ATVIK-sjómenn er nýtt atvikaskráningakerfi sem VÍS hefur þróað í samstarfi við Slysavarnarskóla sjómanna og nokkur leiðandi fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi.

Á þriðja tug fiskiskipa og um 600 sjómenn hafa aðgang að **ATVIK-sjómenn**.





MINNISMERKI SJÓMANNA



Svanhildur Helgadóttir við Minningaröldurnar í Fossvogi. Mynd Helgi Hjálmtýsson.

Það mun hafa verið árið 1929 að fitjað var upp á hugmynd um „einskonar Sjómannadag“. Hugmyndin hlaut þó ekki brautargengi fyrr en árið 1935 eftir að loftskreytamenn á Norðurlöndum höfðu skorað á kollega sína hér á landi að taka upp minningardag þar sem minnst væri þeirra manna sem farist hefðu við störf á sjó. Áskorunin varð til þess að farið var að ræða um að koma á fót minningardegi allra sjómanna og jafnframt hafinn undirbúningur að byggingu „minnismerkis allra druknaðra sjómanna“. Í uppkasti að dagskrá sjómannadags frá 1937 er mælst til þess að unnið verði að því að reistur verði minnisvarði „sem þjóðlegt tákn þeirra fórna, sem sjórinn hefur krafizt“.

Fyrsti sjómannadagurinn var haldinn 6. júní 1938 en ekki náðist samkomulag um byggingu þjóðarminnismerkis sjómanna. Í reglugerð sjómannadagsins sagði þó að eitt af takmörkum dagsins væri: „Að heiðra minningu látinna sjómanna og þá sérstaklega þeirra sem í sjó drukna“.

Það varð úr að næstu áratugi voru reist stór og mikil minnismerki sjómanna víða um land. Vilji almennings var skýr hvað minningu týndra sjómanna varðaði.

Árið 1933 rak lík á land á Suðurnesjum sem ekki var unnt að bera kennsl á. Líkið var jarðsett í Fossvogkirkjugarði og með því komið upp leiði óþekktá sjómannsins. Fjórum árum síðar var leiðið sagt í óhirðu en eftir að farið var að halda sjómannadaginn hátíðlegan 1938 fékk leiði óþekktá sjómannsins sérstakan sess í dagskránni og í nóvember sama ár var reistur steinsteyptur viti á leiðinu. Því var haldið fram ári síðar að leiði óþekktá sjómannsins ætti að geta orðið „sameiginlegt athvarf allra þeirra sem sakna týndra ástvina“.

Vitinn stóð í Fossvogskirkjugarði en var rifinn árið 1988 og lítið eitt breyttri endurgerð var komið fyrir vestan við Fossvogskirkju sama ár. Undir vitanum var klappað í stein: „Minnismerki óþekktá sjómannsins“.

Fyrri hluta vetrar 1995 kom sjómannskona að máli við einn af forustumönnum sjómanna um það hvernig hún og ættingjar hennar gætu minnst ástvinar sem hlotið hefði hina votu gröf. Málið var rætt í stjórn Sjómannadagsráðs og var ákveðið að ráðast í að reisa minnisvarða sem gæti borið nöfn druknaðra og týndra sjómanna og annarra sæfarenda.

Sjómannadaginn 2. júní 1996 voru Minningaröldur sjómannadagsins vígðar við hlið Minnisvarða óþekktá sjómannsins við Fossvogskirkju í Reykjavík. Fyrir vígsluna höfðu nöfn fjórtán sjómanna verið sett á öldurnar. Minningaröldurnar eru gerðar úr tilsöguðum grásteini sem myndar öldur. Á sléttum flötum aldanna hefur verið komið fyrir nöfnum sjómanna og sæfarenda sem hafa druknað og ekki fundist. Að framkvæmdinni stóð Sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði. Sjómannadagsráð staðfesti reglur um minnismerkið þann 18. júní 1996 en þar segir: Upphaf þessarar minningarsögu skal vera fyrsti sjómannadagurinn 6. júní 1938.



Á sjómannadag 2016 við minnisvarðann í Grundarhólskirkjugarði um mb. Baldur sem fórst 30. janúar 1941 með fjórum mönnum. Mynd Helgi Hjálmtýsson.

Það varð strax ljóst að framkvæmdin kom til móts við mikla þörf aðstandenda fyrir að votta þeim ástvinum sem hlotið höfðu hina votu gröf virðingu sína. Að sama skapi varð fljótlega ljós óánægja aðstandenda þeirra sem farist höfðu á sjó áður en farið var að halda sjómannadaginn hátíðlegan þar sem Minningaröldurnar náðu ekki til þeirra.

Árið 2005 greindi þáverandi sjávarútvegsráðherra frá ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að nöfn allra þeirra íslensku sjómanna sem létust í síðari heimsstyrjöldinni yrðu skráð á Minningaröldur sjómannadagsins. Nöfn einhverra þessara sjómanna voru þegar komin á minnisvarðann en ríkisstjórnin vildi tryggja að allra yrði minnst sem hlutu þessi örlög vegna stríðsátakanna.

Í Bolungarvík eru þrjú minnismerki þar sem minnst er þeirra sem farist hafa á sjó. Í Grundarhólskirkjugarði eru tvö þeirra. Það eldra er þannig til komið að 30. janúar 1941 fórst mb. Baldur frá Bolungarvík og með honum

fjórir menn. Þar á meðal Óskar Halldórsson sem var annar tveggja forvígismanna Sjómannadags Bolungarvíkur. Árið eftir var minnisvarði um mb. Baldur afhjúpaður á sjómannadaginn í Grundarhólskirkjugarði af aðstandendum þeirra sem fórust. Sú hefð komst á að leggja blómsveig að minnisvarðanum á sjómannadag að lokinni sjómannadagsmessu í Hólskirkju. Yngra minnismerkið er frá 2003 og er minnismerki um horfna, látna og druknaða sem hvíla í fjarlægð, gefið til minningar um Guðfinn Einarsson útgerðarmann af aðstandendum. Á sjómannadag eru lagðir blómsveigar að þessum tveimur minnismerkjum í Grundarhólskirkjugarði. Þriðji minnisvarðinn í Bolungarvík var vígður við Stigahlíð árið 2014 um mesta sjóslys Íslandssögunnar þegar QP-13 skipalestin sigldi inn í tundurduflabelti norður af Aðalvík á Vestfjörðum og stóð Jónas Guðmundsson að honum.

Nú eru liðin um 84 ár síðan að hugmyndin um minnismerki allra druknaðra sjómanna

á Íslandi kom fram. Við höfum þann sið að minnst forfeðra okkar með minnismerkjum og leiðum í kirkjugörðum og annars staðar. Hvenær rennur upp sá dagur að við getum minnst sjómanna og annarra forfeðra okkar sem týnst hafa í hafi með viðlíka hætti? Hvenær rennur upp sá dagur að við getum minnst þeirra við þjóðarminnismerki týndra ástvina?

Ásta Ingibjörg Pétursdóttir,
sóknarprestur



MINNING

GEIR GUÐMUNDSSON

Þann 15. janúar 2018 lést Geir Guðmundsson á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði. Hann lést eftir stutta og snarpa glímu við veikindi en hann greindist með lungnkrabbamein í byrjun desember 2017. Útför Geirs fór fram frá Hólskirkju í Bolungarvík 27. janúar 2018.

Geir var fæddur 9. maí 1931 í verbúð sem stóð á Kambinum í Bolungarvík á mótis við hús Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur. Foreldrar hans voru Jensína Ólöf Sólmundsdóttir og Guðmundur Sigurjón Ásgeirsson sjómaður. Þau voru bæði ættuð úr Dýrafirði, hún var frá Hjarðardal en hann frá Fjallaskaga. Á innan við fjórum árum eignuðust þau fjóra syni. Elstur er Sævar, þá Geir, þriðji í röðinni var Gunnar og yngstur var Rögnvaldur. Að auki áttu þeir bræður eldri systur, Svandísi, sem var þeim samfedra.

Æsku sinni lýsir Geir með eftirfarandi hætti:

„Á þessum árum var lífsbaráttan hörð. Foreldrar okkar voru vinnusamt fólk og lærðum við bræður að lifa eftir því. Faðir okkar var sjómaður og var stundum í burtu á vertíðum. Foreldrar okkar höfðu hænsni og kindur til að drýgja tekjurnar og lærðum við því fljótt að hjálpa heima. Leikvöllurinn var Kamburinn og Varirnar og flestir leikjanna tengdust því sjónum og sjómennsku á einhvern hátt. Eins og flestir bolvískir drengir þess tíma fylgdumst við bræður með störfum sjómanna og gáfum okkur tíma til að taka eftir vinnu þeirra. Þar sem við bræður vorum fjórir á svipuðu reki sótti til okkar mikill fjöldi drengja úr þorpinu og var oft glatt á hjalla.“

Allir voru þeir bræður góðir íþróttamenn, hver á sínu sviði, styrkleiki Geirs lá ekki hvað síst í langstökki og hlaupi. Þeir voru allir um tíma í sveit í Dýrafirði og báru sterkar taugar þangað. Geir fór níu ára gamall að Brekku í Brekkudal til Soffíu Ásgeirsdóttur föðursystur sinnar og Andrésar Guðmundssonar eiginmanns hennar



Geir Guðmundsson.

og hann átti góðar minningar úr sveitinni. Hvert sumar fór hann með fjölskyldu sína í pílagrímsferð að Brekku og rifjaði upp minningarnar: „Þarna var það sem ég hleypti hestinum og hér er áin sem ég lærði að taka silung með berum höndum“.

Á uppvaxtarárum Geirs var andi ungmennafélaganna ríkjandi. Ungt fólk hugsaði ekki bara um rétt sinn, heldur og ekki síður um hvað það sjálft gæti gert fyrir land og þjóð. *Íslandi allt* var kjörorð ungmennafélaganna sem mest mótaði Geir, hugsun hans og atgervi en hann gekk í Ungmennafélag Bolungarvíkur árið 1946. Hann vildi heimabyggt sinni allt hið besta. Hann þekkti sögu byggðarinnar frá örófi og frá unga aldri safnaði hann og hélt til haga öllu sem viðkom Bolungarvík og fólkinu sem bjó þar og starfaði. Þegar kom að lífsháttum og verklagi á árum áður bjó Geir yfir sannkölluðum hafsþjó af fróðleik og til hans leituðu söguskrifarar, þáttagerðarmenn og almenningur.

Geir var hvergi hálfvolgur þar sem hann kom að málum. Hann var heill og sannur og fús að vinna hverju góðu máli það sem í hans valdi

stóð. Á yngri árum starfaði Geir í skátafélaginu Gagnherjum og með Ungmennafélagi Bolungarvíkur bæði að íþróttamálum og leiklist en hann fór fyrir leiknefnd félagsins um tíma eftir 1956 og hann var einnig varaformaður félagsins um skeið. Síðar á ævinni var hann stofnfélagi Lionsklúbbs Bolungarvíkur og var sæmdur Melvin Jones viðurkenningunni sem er æðsta viðurkenning hreyfingarinnar. Geir var gjaldkeri Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur um tíma og sat í stjórn Verkstjórafélags Vestfjarða.

Geir tók virkan þátt í byggingu félagsheimilisins og sá um Sjómannastofuna í húsinu meðan hún var við lýði. Hann var formaður menningarráðs bæjarins um átta ára skeið sem og brennustjóri um áratuga skeið. Geir var í stjórn Sögufélags Ísfirðinga frá 1979 til dánardægurs og í stjórn Byggðasafns Vestfjarða frá 1983 til 1996. Þá var Geir einn af helstu hvatamönnum þess að sjómanna dagurinn væri haldinn hátíðlegur í Bolungarvík ár hvert. Í rúma fimm áratugi var Geir formaður Sjómanna dags Bolungarvíkur og skipulagði og stjórnaði viðburðum frá 1952 til 2003. Hann var þá allt í öllu á þessum merkisdegi í einni elstu verstöð Íslands. Heilu kynslóðirnar muna ekki annað á sjómanna daginn en Geir með gjallarhornið á Kambinum að lýsa tímum í kappróðrum grynnri bátsins og dýpri bátsins.

Geir fór ungur til sjós, fyrst með föður sínum á arabáti, sem vél hafði verið sett í, og síðar á stærri bátum. Hann vann einnig við beitningu og var landformaður um tíma. Hann vann einnig lengi við múrverk en lengst af var hann verkstjóri í saltfiskverkun og sláturhúsi Einars Guðfinnssonar og sinnti afgangi skipa á vegum fyrirtækisins. Geir hafði mikla þekkingu á saltfiskverkun og var umhugað um gæði framleiðslunnar. Hann naut fulls trausts yfirmanna sinna og var bæði ábyrgðarfullur og óserhlífinn. Geir hélt undirmönnum sínum vel að vinnu og var þeim jafnframt fyrirmynd



dugnaðar, vinnusemi og snyrtimennsku enda hafa margir þeirra sem hófu starfsævina hjá honum haft það á orði að hjá Geir hafi þeir lært þá dyggð að vinna af samviskusemi og heilindum. Síðustu starfsárin var Geir fyrsti safnvörður í Sjóminjasafninu Ósvör frá 1998 til 2002 og þar má segja að hann hafi sameinað starf og áhugamál.

Saga var sérstakt áhugamál Geirs. Hann viðaði að sér öllu sem viðkom verkhättum og verklagi fyrri tíma og safnið í Ósvör byggist að stærstum hluta upp á munum frá honum. Verbúðin í Ósvör og safnið þar var honum mikið ástríðumál og hugsjón. Hann vildi að safnið væri sem best úr garði gert og sem nákvæmust eftirlíking af eiginlegri verbúð. Klæddur skinnklæðum með sjóhatt á höfði tók hann á móti almennum ferðamönnum sem og þjóðhöfðingjum. Auk þess að veita forseta Íslands leiðsögn um safnið þá tók Geir á móti Margréti Þórhildi Danadrottningu og Hinriki Danaprins og fylgdarliði er þau heimsóttu Vestfirði í maímánuði 1998. Þá má vel segja að Geir hafi orðið ein af útflutningsvörum Íslendinga þegar mynd af honum í skinnklæðunum í Ósvör var sett á eitt af litlu rjómahylkjunum sem allir sem ferðuðust til og frá landinu fengu með kaffinu sínu. Þá birtust einnig myndir af honum í skinnklæðunum í tímaritum og blöðum út um víða veröld. Þannig varð Geir ímynd íslenskra sjómanna sem drógu björg í bú á arabátum við erfiðar og hættulegar aðstæður.

Geir lá ekki á skoðunum sínum og hann lét sér aldrei standa á sama um hlutina, hvernig þeir væru gerðir og hvernig að þeim væri staðið. Hann var traustur og áreiðanlegur í öllum sínum verkum, hjálpsamur og greiðvikinn. Hann var í eðli sínu framkvæmdamaður og vildi að hlutirnir gengju hratt og örugglega fyrir sig og gerði sannarlega sitt til þess. Krafta sína og hæfileika notaði hann samfélaginu til heilla og blessunar. Geir setti ekki ljós sitt undir mæliker, heldur á ljósastikuna til þess að það lýsti öllum í húsinu.

Seinasta skiptið sem Geir kom til Hólskirkju var þegar árlegt aðventukvöld Kirkjukórs Bolungarvíkur fór fram þann 10. desember 2017. Una Dóra var ræðumaður kvöldsins og



Geir Guðmundsson, safnvörður, og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, við heimsókn forsetans í Sjóminjasafnið Ósvör 1996.

það leyndi sér ekki hve stoltur hann var af henni. Saga hennar og Geirs spannar marga áratugi og síðasta sumar voru 70 ár síðan þau héldust fyrst í hendur. Fyrsti vangadansinn var stiginn tæpu ári síðar í Stúkuhúsinu á annan í hvítasunnu 1949. Geir var þá átján ára og Una sextán ára. Það er óhætt að segja að samband þeirra Unu og Geirs sé fagur vitnisburður um vináttu, ást og kærleika. Í þeim mættust tveir hæfir og sterkir einstaklingar, sem stilltu saman strengi sína og þau studdu og hvöttu hvort annað til dáða og áttu í hvort öðru sinn besta vin. Þau gengu í hjónaband í Hólskirkju 28. ágúst 1955 og stofnuðu heimili á Hafnargötunni í húsi sem stóð á móts við Bjarnabúð. Þann 29. mars 1958 fluttu þau inn í fallega húsið að Vitastíg 16 og þar stóð heimili þeirra í tæp 60 ár.

Una Dóra heitir fullu nafni Una Halldóra og var fædd 26. júlí 1933 í Bolungarvík. Hún er dóttir Halldórs Halldórssonar frá Bolungarvík og Guðrúnar Guðfinnsdóttur frá Litlabæ í Skötufirði. Una Dóra og Geir eignuðust dótturina Sólrúnu 27. janúar 1965 sem þau sögðu mesta gæfudag í lífi sínu. Sólrún er gift Jónasi Guðmundssyni, börn þeirra eru Helga Theodóra, stjúpdóttir Sólrúnar, eiginmaður hennar er Daði Heiðar Kristinsson en þau eiga soninn Jónatan Leó og dótturina Karítas Theu, þá Halldóra og Þórhildur Bergljót og

yngstur er Einar Geir. Geir var afar stoltur af afkomendum sínum og gladdist yfir gengi þeirra og árangri á hinum ýmsu sviðum lífsins.

Geir Guðmundssyni er með þessari grein þakkað ævilangt framlag sitt til samfélags Bolvíkinga og bæjarins og sérstaklega er honum þakkað framlag hans til Sjómannadags Bolungarvíkur.

*Ásta Ingibjörg Pétursdóttir,
sóknarprestur*



HEIÐRANIR SJÓMANNADAGS BOLUNGARVÍKUR

BYRJAD VAR AÐ HEIÐRA EINSTAKLINGA Í BOLUNGARVÍK
Á SJÓMANNADEGINUM ÁRIÐ 1954

Heiðrun fór fram á kvöldskemmtun í Félagsheimili Bolungarvíkur fram til ársins 1989 að heiðrun fór í fyrsta skipti fram í Hólskirkju, en þá var Sjómannadagur Bolungarvíkur 50 ára, og hefur heiðrun verið í kirkjunni síðan.

Hér er listi yfir 80 einstaklinga sem Sjómanna- dagur Bolungarvíkur hefur heiðrað.



Heiðraðir 1954

Guðmundur Salómon Jónasson
Jens Jónsson
Porlákur Ingimundarson

Heiðraðir 1955

Halldór Jónasson
Magnús Kristjánsson

Heiðraðir 1956

Benedikt Benediktsson
Finnbogi Bernódusson

Heiðraðir 1957

Hjálmar Þorsteinsson
Jens Þórðarson

Heiðraðir 1958

Guðjón Jónsson
Jón Leví Friðriksson

Heiðraðir 1962

Guðmundur Ásgeirsson
Pétur Ólafsson

Heiðraðir 1963

Finnbogi Sigurðsson
Friðrik Árnason

Heiðraðir 1964

Einar Guðfinnsson sæmdur gullmerki
Páll Sólmundsson
Stefán Ólafsson

Heiðraðir 1965

Ebeneser Benediktsson
Jakob Elíasson

Heiðraðir 1966

Guðni Bjarnason
Porlákur Þorsteinsson

Heiðraðir 1968

Sigurgeir Sigurðsson
Jón Kr. Elíasson

Heiðraðir 1969 á 30 ára afmæli sjómannadagsins

Gísli Hjaltason
Valdimar Ólafsson

Heiðraðir 1970

Eyjólfur Guðmundsson
Þorgils Guðmundsson

Heiðraðir 1973

Eggert Haraldsson
Kristján Jensson

Heiðraður 1974

Ásgeir Guðmundsson heiðraður fyrir
40 ára starf við línubeitingu.

Heiðraðir 1976

Benedikt E. Jónsson
Páll Pálsson

Heiðraðir 1977

Magnús Haraldsson
Kjartan Guðjónsson

Heiðraðir 1978

Ágúst Jasonarson
Jón Ásgeir Jónsson

Heiðraðir 1979 á 40 ára afmæli sjómannadagsins

Halldór Ágúst Benediktsson
Jón Guðnason

Heiðraðir 1980

Hálfván Einarsson
Hrólfur Einarsson
Ragnar Sveinbjörnsson

Heiðraður 1981

Hálfván Örnólfsson

Heiðraður 1983

Benjamín Eiríksson

**Heiðraðir 1985**

Bernódus Halldórsson
Hannes Sigurðsson

Heiðraðir 1986

Hallgrímur Jónsson
Jóhannes Þórarinnsson

Heiðraðir 1988

Guðmundur Rósmundsson
Hávarður Olgeirsson

Heiðraðir 1989**á 50 ára afmæli sjómannadagsins**

Kristján Þórðar Kristjánsson
Per Sulebust, íslenskt nafn Pétur Jakobsson
Þórður Eyjólfsson

Heiðraðir 1991

Bjarni Sigurðsson
Magnús Guðnason

Heiðraðir 1994

Ingólfur Þorleifsson
Kristján Sigurðsson

Heiðraðir 1996

Bjarni Jónsson
Gunnar Halldórsson
Magnús Ragnarsson

Heiðraðir 1998

Þorkell Sigmundsson
Vilmundur Reimarsson

Heiðraðir 1999 á 60 ára afmæli sjómannadagsins

Elías Ketilsson
Guðmundur Halldórsson
Magnús Jónsson

Heiðraðir 2000

Einar Hálfðánsson
Pétur Sigurður Runólfsson
Ragnar Ingi Hálfðánsson

Heiðraðir 2001

Guðmundur Jakobsson
Jón M. Egilsson

Heiðraður 2002

Halldór Jónsson

Heiðraðir 2003

Jón Pétursson
Markús Guðmundsson
Þorgeir Guðmundsson

Heiðruð 2007

Ásdís Svava Hrólfsdóttir
Einar Guðmundsson

Heiðraður 2011

Jón Vignir Halldórsson

Heiðraðir 2018

Bjarni Benediktsson
Guðmundur Einarsson
Sigurður Hjartarson



Sjómenn

Til hamingju með daginn

Ísafjarðarbær og hafnir Ísafjarðarbæjar óska sjómönnum öllum, fjölskyldum þeirra, félögum og samtökum hjartanlega til hamingju með daginn.

Siglingar og sjómennska hafa alla tíð verið grundvöllur farsældar íbúa á Vestfjörðum og á landinu öllu. Þó atvinnulíf sé orðið fjölbreyttara en áður, er nýsköpun á svæðinu byggð á þeirri stoð sem sjómenn og landvinnslufólk hafa byggt í gegnum aldirnar. Sjómenn, ykkar starf verður seint fullþakkað.

Ísafjarðarbær
Sjómáttarsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður | 450 8000 | postur@isafjordur.is



ÍSAFJARÐARBÆR
isafjordur.is



NÝTT ORGEL Í HÓLSKIRKJU

Í marsmánuði var sett upp nýtt orgel í Hólskirkju í Bolungarvík. Orgelið var smíðað af Orgelsmiðju Björgvins Tómassonar á Stokkseyri og er það fertugasta í röðinni sem Björgvin Tómasson smíðar. Orgelið er með 580 pípur samtals í níu röddum en hluti af pípum eldra orgels voru nýttar í nýja orgelið.

Björgvin setti orgelið upp í Hólskirkju og honum til aðstoðar voru Margrét Erlingsdóttir rafvirki og Jóhann Hallur Jónsson húsgagnasmiður.

Í tilefni af aldarafmæli kirkjunnar árið 2008 var stofnaður orgelsjóður með það að markmiði að safna fyrir nýju pípuorgeli. Kristný Pálmadóttir stofnaði orgelsjóðinn 5. desember 2008 en kirkjan var vígð 7. desember 1908. Kristný söng í kirkjukórnum í áratugi en hún lést árið 2012.

„Sjóðnum hafa borist ótal gjafir frá einstaklingum, fyrirtækjum og félagsamtökum. Bolvíkingafélagið í Reykjavík og brottfluttir Bolvíkingar hafa einnig sýnt söfnuninni mikinn velvilja og gefið háar fjárhæðir, það má því segja að Bolvíkingar hafi með samstilltu átaki fjármagnað að fullu og gefið Hólskirkju nýtt pípuorgel“, segir Einar Jónatansson sóknarnefndarformaður Hólskirkju.

Árið 2017 lauk söfnuninni fyrir orgelinu og í október var undirritaður samningur við Björgvin um smíði nýs orgels. Í samningnum var gert ráð fyrir að orgelið yrði vígt nú á aðventunni á 110 ára afmæli kirkjunnar en af óviðráðanlegum orsökum seinkaði afhendingu um nokkra mánuði.

Gamla orgelið sem var fyrir í kirkjunni gáfu Bolvíkingar í tilefni af 50 ára vígsluafmæli hennar en það var vígt við hátíðarmessu 17. júní árið 1960 og var því notað samfellt í 58 ár. Nokkur samskonar orgel frá Kemper & Sohn voru í kirkjum á Íslandi og var orgelið í Hólskirkju það síðasta af þeim sem var í notkun.

Nýja orgelið í Hólskirkju verður formlega vígt í Hólskirkju á uppstigningardag þann 30. maí 2019.

Á meðfylgjandi mynd eru Margrét Erlingsdóttir, rafvirki, Björgvin Tómasson, orgelsmiður, Jóhann Hallur Jónsson, húsgagnasmiður, Einar Jónatansson, sóknarnefndarformaður, og Guðrún B. Magnúsdóttir, organisti. Mynd Helgi Hjalmtýsson.



Miðnætorsól

Tónlistarhátíð í Félagsheimili Bolungarvíkur 3.-6. júlí 2019



Úkraínska kammersveitin Kyiv Soloists kemur fram ásamt gestaleikurum frá Spáni, Eistlandi og Íslandi.

Miðvikudagur 3. júlí kl. 20:00

Klarinettukonsert Mozarts í A-dúr og sínfónía nr. 40 í G-moll eftir Mozart, einleikari er Selvadore Rähni, aðgangseyrir.

Fimmtudagur 4. júlí kl. 20:00

Einleiksverk eftir Chopin, Scarlatti, Beethoven, Liszt, Grainger og Oliver Rähni í flutningi Olivers Rähni, eftir hlé eru verk eftir Vivaldi og Piazzolla í flutningi Kyiv Soloists, aðgangseyrir.

Föstudagur 5. júlí

Söngnámskeið fyrir söngnemendur, leiðbeinandi er María Ólafsdóttir, skráningargjald.

Laugardagur 6. júlí kl. 13:00

Tónleikar söngnemenda og Maríu Ólafs, engin aðgangseyrir.

Úkraínska kammersveitin Kyiv Soloists samanstendur af úkraínsku tónlistarfólki sem hefur sigrað innlendar og alþjóðlegar tónlistarkeppnir.

Tónlistarskóli Bolungarvíkur í samstarfi við Bolungarvíkurkaupstað.

Nánari upplýsingar ts.bolungarvik.is www.bolungarvik.is - bolungarvik@bolungarvik.is



Selvadore Rähni



Oliver Rähni



María Ólafsdóttir



SJÁVARÚTVEGURINN ER HÁTÆKNI ATVINNUGREIN

Bolungarvík hefur verið að ná vopnum sínum á sjávarútvegssviðinu undanfarin ár. Landaður botnfiskafli hefur vaxið ár frá ári og er nú meiri en þegar best lét á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Þetta er sannarlega gleðilegt og hefur vitaskuld verið meginástæða þess að hér er fólkinu aftur tekið að fjölga. Jafnframt höfum við séð ný fyrirtæki skjóta rótum og aukið fjölbreytni. Í nútímasamfélagi er það einmitt fjölbreytnin sem er lykilatriðið. Aukin menntun karla og kvenna kallar á fjölbætta atvinnusköpun. Einhvern tíma hefði þurft að segja manni það þrem snum að hér í Bolungarvík starfaði einhver framsæknasta og athyglisverðasta mjólkurvinnslan á landinu, Arna, sem veitti fjölda fólks atvinnu. Svona gerist það þó þegar saman fer hugkvæmni, þekking og framtaksvilji, eins og við höfum séð ljóslifandi í rekstri þessa merka og góða fyrirtækis.

Burðarásinn er þó og verður sjávarútvegur, sem síðan getur af sér nýsköpun, jafnframt því að hér verði til atvinnutækifæri af allt öðrum toga. Bolungarvíkurgöngin leika auðvitað lykilhlutverk. Með þeim stækkaði atvinnusvæðið og veitti styrk sem er okkur svo nauðsynlegur þannig að hér verði áfram gott að eiga heima.

Það hafa átt sér stað miklar breytingar í sjávarútvegi okkar. Tæknibreytingar og breytt skipulag við veiðar og vinnslu hafa leitt til þess að færri fólk þarf til að afkasta því magni sem við veidum. Þessi þróun mun halda áfram og er ekki óæskileg. Ef sjávarútvegurinn þróast ekki verður hann ekki samkeppnisfær og laðar ekki að starfsfólk. Það hefur hins vegar gerst í öðrum löndum, þar sem menn hafa lagt áherslu á að stöðva þróunina, jafn fráleitt og það er nú er. Með tæknivæddum sjávarútvegi, öflugum skipum og góðum



aðbúnaði starfsfólks, skapast ný tækifæri og aukið öryggi til sjós, eins og við höfum séð. Sú há-tæknivædda vinnsla sem við höfum fengið að kynnast hjá fyrirtækinu Jakobi Valgeir ehf. er gott dæmi um þetta. Þar á bæ gera menn sér grein fyrir að til þess að standast kröfur og samkeppni þarf að beita nýjustu tæknilausnum.

Sjávarútvegurinn er nefnilega ekki bara veiðar og vinnsla, sem þó eru grundvöllurinn. Sjávarútvegurinn er – og verður í vaxandi mæli – hátækniatvinnugrein, sem nýtir hvert gramm sem að landi kemur. Dæmið af Jakobi Valgeir ehf. sannar okkur þetta.

Sú tíð er liðin að við flökum bara fisk og setjum restina í gúanó, sem voru þau tækifæri sem höfðum hér fyrr meir. Nú er allt nýtt og jafnvel það sem áður var talið verðminnst, skapar mestu verðmætin í formi prótíns af margs konar toga. Hin afbragðsgóða lýsisframleiðsla Dropa hér í Bolungarvík er gott dæmi um þetta og einnig framleiðsla fyrirtækisins Kerecis á Ísafirði sem breytir fiskroði í sáraumbúnað og hefur haslað sér völl á einum mest krefjandi markaði sem fyrir finnst.

En tækifærin eru ekki bara í því sem við veidum. Fiskeldi er fyrir löngu orðin atvinnugrein sem um munar í heiminum. Um helmingur fiskframleiðslunnar í heiminum er núna í formi fiskeldis af margs konar toga. 2, 5 milljónir tonna af laxi eru framleiddar í fiskeldi, tífalt það magn sem við Íslendingar veidum árlega af þorski. Við Íslendingar höfum setið hjá í þessari miklu uppbyggingu, en ekki lengur. Loksins erum við farin að sjá fiskeldið byggjast upp sem alvöru atvinnugrein, sem farin er að láta um sig muna í landinu.

Ætla má að útflutningsverðmæti fiskeldis-afurða á Íslandi verði í ár svipað og loðnunnar að jafnaði árlega síðasta áratuginn. Umsvifin eru því nú þegar orðin umtalsverð; sannkallaður búhnykkur sem mun aukast ár frá ári.

Við hér í Bolungarvík, eins og á Vestfjörðum í heild, bindum réttmætar vonir við þetta nýja bjargræði. Með ábyrgð að leiðarljósi og fullri virðingu fyrir viltri náttúrunni eigum við að geta skapað 20 til 25 milljarða útflutningsverðmæti með laxeldi í Ísafjarðardjúpi sem er ríflega töfalt það verðmæti sem við höfum af þorskveiði og vinnslu hér á Vestfjörðum í dag.

Það er því sárt til þess að vita að þegar Vestfirðingar reyna með atorku og af góðum hug að bjarga sér, skuli stöðugt mæta okkur alls konar fótakfli og torfæru; flestar hverjar manngerðar. Það eru öll skilyrði til staðar fyrir því að við getum byggt hér upp umtalsvert laxeldi með ábyrgum hætti. Það er þess vegna ekki lengur spurning hvort, heldur hvenær, laxeldi verði alvöru atvinnugrein hér við Djúp og að allar efnislegar forsendur séu til þess að slíkt geti gerst fyrr en síðar.

Einar Kristinn Guðfinnsson



FRÆKILEG BJÖRGUN

ÁHAFNARINNAR Á SVAN ÍS 214

FYRIR 50 ÁRUM

Í ár eru liðin 50 ár frá því að Svanurinn ÍS 214 frá Súðavík sökk út af Deild í aftakaveðri. Eftir umfangsmikla leit fjölda báta og skipa í vondu veðri og litlu skyggni tókst skipverjum á Sólrúnu ÍS 399 að finna björgunarbát sem skipverjarnir höfðu komist í. Sólrún hélt sig í nálægð við björgunarbátinn þar til varðskiptið Þór kom á staðinn. Við erfiðar aðstæður tókst að koma skipsbrotsmönnum úr björgunarbátnum og í varðskipið sem flutti þá í land.

Árin tvö á undan höfðu Súðvíkingar misst áhafnir tveggja báta, Freyju BA 272 og Trausta ÍS 54. Það var því langt í frá að þorpsbúar væru búnir að jafna sig þegar það fréttist að Svanur væri sokkinn. Tilfinningarnar sem Súðvíkingar upplifðu þennan kalda vetrardag eru ólýsanlegar, en óhætt er að segja að giftursamleg björgun áhafnarinnar á Svani kallaði fram djúpa og einlæga þakklætistilfinningu í bland við ótrúlega hlýju í hjarta og sál.

Atburðum þegar Svanurinn fórst er lýst á eftirfarandi hátt í Þjóðviljanum 30.01.1969:

Svanur ÍS 214 fórst í aftakaveðri: 6 manna áhöfn bjargaðist eftir 4ra tíma hrakninga í gúmbát.

„Vélbáturinn Svanur, ÍS-214, sökk á þriðja tímanum í gær 15 til 18 sjómílur út af Deild í vitlausu veðri. Áhöfnin, sex menn, bjargaðist í gúmbjörgunarbát og leituðu 20 skip að gúmbátnum í hátt á fjórða klukkutíma unz hann fannst. Var það Sólrún frá Bolungarvík er fann gúmbátinn en varðskipið Þór tók mennina um borð og voru þeir allir heilir á húfi. Pétur Sigurðsson forstjóri Landhelgisgæzlunnar skýrði Þjóðviljanum svo frá, að Þór hefði í gær verið að landa varningi í Hornbjargsvita, er skyndilega hvessti svo, að varðskipið varð að



hverfa fá án þess að ná þrem skipverjum aftur um borð úr vitanum. Um kl. hálf þrjú í gærdag heyrði varðskipið neyðarkall og sendi þegar út tilkynningu um það og spurðist fyrir um hver hefði verið að kalla. Skömmu síðar eða kl. 2.42 náði vélskipið Sólrún frá Bolungarvík sambandi við áhöfnina á Svani, en hún var þá komin um borð í gúmbjörgunarbát. Voru tveir slíkir bátar um borð en annar slitnaði frá skipinu. Fann vélbáturinn Víkingur III hann síðar. Nú upphófst mikil leit að gúmbátnum en margir bátar voru á þessum slóðum. Reyndu skipin að miða gúmbátinn út en sendistöð hans var svo veik að það reyndist mjög erfitt. Vitlaust veður var á, norðaustan 10 vindsitig, 9 stiga frost og snjócoma og gerði það leitina alla mjög erfiða. Um síðir voru skipin öll, nær tuttugu að tölu, komin að kalla í einn hnapp og kl. 19.12 fann Sólrún loks gúmbátinn. Beindi Sólrún ljóskastara sínum að bátnum en varðskipið Þór sem var þarna á næstu grösum sigldi að bátnum og bjargaði mönnum um borð. Tók björgunin aðeins rösklega tuttugu mínútur. Er Þjóðviljinn átti tal við Pétur Sigurðsson í gærkvöld var ekki vitað, með hverjum hætti Svanur hafði farizt, en hann var á leið til lands úr róðri er veðrið brast á. Ófært var inn til Ísafjarðar og hafði Þór leitað vars og beið þess að veðrið gengi niður. Munu skipverjar af Svani hafa verið hressir eftir atvikum. Skipstjóri á Sólrúninni frá Bolungarvík er Hálfván Einarsson en

skipherra á Þór er Þróstur Sigtryggsson. Eiga þeir heiðurinn skilið af þessari giftusamlegu björgun. Skipstjóri á Svani var Örnólfur Grétar Hálfvánarson. Svanur ÍS 214 var 100 lesta stálskip, smíðað í Austur Þýzkalandi árið 1960. Eigandi skipsins er Álftfirðingur hf. í Súðavík“ (Þjóðviljinn 24.tbl., 30.01.1969, bls. 1).

Það er ærin ástæða til að minnst björgunaráhafnarinnar á Svani, nú þegar 50 ár eru liðin og er því fyrirhuguð minningarathöfn í Súðavík á sjómanna daginn 2. júní næstkomandi. Í tilefni þessa verður frumsýnd í félagsheimili Súðvíkinga stuttmynd Ragnars Bragasonar kvikmyndagerðarmanns og samstarfsmanns hans Halls Arnar Árnasonar. Myndin inniheldur frásagnir sjómanna sem björguðust af Svaninum, ásamt frásögn eins skipverjans á varðskipinu Þór sem tók þátt í björgun áhafnarinnar.

Til viðbótar við frumsýningu á mynd Ragnars og Halls, verður messað í kirkjunni í Súðavík og sjómanna sem farist hafa á sjó sérstaklega minnst. Eftir messu verður gengið að minnisvarðanum í Súðavík um sjómenn sem hvíla í votri gróf. Þar verður afhjúpað skilti til upplýsingar um tilurð og tilgang minnisvarðans, en hann var reistur að frumkvæði Sigríðar Sigurgeirsdóttur, sem missti eiginmann sinn og son þegar Freyja BA 272 frá Súðavík fórst með allri áhöfn árið 1967. Þá verður Súðavíkurhreppi færð nýútkomin bók sem inniheldur samantekt um sjómenn og sjóför frá Álftafirði sem hafa farist á sjó. Sú samantekt var unnin af dr. Ólínu Kjerúlfi Þorvarðardóttur. Í félagsheimilinu í Súðavík verður boðið upp á kaffi og eru allir hjartanlega velkomnir.



GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON

SEGIR FRÁ KJÖRUM FÓLKS OG SÍÐUTOGURUNUM

Guðmundur Halldórsson er landsþekktur sjómaður og skipstjóri til margra ára og býr nú á efri árum í Bolungarvík. Guðmundur var lengi til sjós á síðutogurum og var síðar skipstjóri á bátum og togara. Hann hefur gengt fjölmörgum trúnaðarstörfum til lands og sjávar. Hann var heiðraður af Sjómannaþingi Bolungarvíkur árið 1999. Undirritaður hitti Guðmund á heimili hans að Vitastíg 13 í Bolungarvík og átti við hann gott spjall. Við gefum Guðmundi orðið.

Ég kom fyrst til Bolungarvíkur að læra að synda. Þá var kolakynnt sundlaug hérna í Bolungarvík. Ég er fæddur og uppalinn Ísafirðingur en þar var engin sunndaðstaða. Ísfirskir krakkar voru sendir annað hvort í Reykjanesið eða hingað til Bolungarvíkur til að læra að synda. Bolvíkingar voru að missa mikið af mönnum í sjóinn og þeir voru ósyntir á áráskipaöldinni og það var hræðilegt ástand. Þá var Ísland þannig að ef að konurnar misstu fyrirvinnuna í sjóinn þá var í enga sjóði að sækja og þær stóðu einar uppi með börnin. Eina úrræði þeirra var að segja sig til sveitar. Ef þær gerðu það þá var heimilið leyst upp og börnin sett á uppboð. Ég kalla það ekkert annað en uppboð því að sá sem bauð lægst í barnið fékk það. Það sem bjargaði hér í Bolungarvík var þessi gífurlega samstaða og samhjálp. Það voru allir meðvitaðir um þetta og baslið. Þegar konurnar opnuðu á morgnana þá voru kannski tröppurnar fullar af mat. Sjómenn komu með fisk og bændur lögðu til mjólk og annað en það vissi enginn hver kom með þetta. Það átti ekki að segja frá þessu því þá varstu að lítillækka viðtakandann. Það var mjög illa séð ef menn voru að hæla sér af að hafa rétt hjálparhönd því það ættu allir að gera.

Ég kynntist Einari Guðfinnssyni mjög ungur, mamma og hann voru systkini, og hann gisti alltaf hjá okkur á Ísafirði. Hann byrjaði með pínulitla búðarholu sem hann keypti



Guðmundur Halldórsson á síðutogaraárunum.

af Hæstakaupstaðarversluninni á Ísafirði. Verslunin var með lítið útibú hér í Bolungarvík og átti reitapláss og eitthvað fleira sem til þurfti. Hann byrjaði verslun í þessari búð og það var ungur strákur hjá honum í búðinni. Ég heyrði þessa sögu á rakarastofu Villa Valla og mér fannst hún svo falleg. Á þessum tíma var tekið úr búðinni hjá honum og það sást til mannsins. Strákurinn sagði honum strax frá því. Einar hittir þennan mann uppi á götu og segir við hann: Mér er sagt að þú hafir tekið ófrjálsri hendi úr búðinni hjá mér. Já, segir hinn. Þú þarft ekki að segja meira, segir Einar, ég veit að þú átt ellefu börn og þú tekur ekki ófrjálsri hendi nema að það þrengi að hjá þér, komdu með mér niður í búð. Sagan segir að hann hafi fyllt hveitipoka af alls konar matvælum og fengið honum pokann og sagt: Við gerum upp þegar við báðir erum orðnir ríkir. Síðasta árið sem Einar lifði sáum við Dagbjört Torfadóttir, kona mín, um hann. Þegar ég kem aftur út í Vík ber ég söguna upp á hann. Honum bregður við, þegar svolitla stund, en segir svo: Þetta gæti verið satt en ég man ekki eftir því. Samhjálpin var svo

mikil, fólk hjálpaðist að en það var heilagt að segja ekki frá. Það vissu allir um alla og fólk hjálpaðist að.

Ég fór fyrst á sjó sem hálfdrættingur á Sólrúnu frá Bolungarvík, þá 11 ára gamall. Ég átti að beita. Þá var stokkað upp í stokka og hengt út í ás til að þurrka lóðirnar og svo voru þær beittar úr stökk. Þetta tíðkaðist þá en er löngu búið að leggja af. Einar Guðfinnsson keypti Sólrúnina frá Þorlákshöfn en þá hét báturinn Jónas ráðherra, en það var Hríflu-Jónas. Einar nefndi bátinn Sólrúnu þegar hann kom til Bolungarvíkur. Hann var aðeins stærrí en hinir bátarnir, hann var 10 tonn en hinir voru 5-6-8 tonn. Þá þurfti að vera með hálfdrætting til að nýta dekkplássið því það var tekið eins mikið af lóðum og komst fyrir á bátunum. Sólrúnin var aðeins rúmbetri en hinir bátarnir en ekki það að hægt væri að bæta við manni, heldur hálfum. Ég var þá á Sólrúninni yfir sumarið meðan ég var ekki í barnaskólanum. Einar gamli kom alltaf til mín á morgnana og passaði uppá að ég kláraði mitt, kláraði að stokka upp og beita og hann hjálpaði mér að beita. Landmennirnir slægðu niður á Brjót og það slapp ég við. Kristján Jensson, Kittí Jenni, var skipstóri á Sólrúninni. Þar var einnig Gauí Kitt, bróðir Afla-Kitta, hann var landformaður og hafði alltaf verið landformaður suður í Sandgerði en kom hingað heim þegar bættist við bátur. Jenni gamli, pabbi Kitta Jenna, hann var að beita. Kjartan Guðjónsson var vélstjóri og Óli Steins var háseti en hann fórst síðar á Bangsanum. Guðni var í landi en sonur hans, Jón Guðna, sem lengi var afgreiðslumaður í Bolungarvík, var einnig á bátnum.

Síðar fór ég sem hjálparkokkur á Ísborgina, árið sem hún kom, það var 1948, ég var þá 15 ára gamall. Þá voru ekki tveir kokkar heldur kokkur og hjálparkokkur en svo bættist seinna við annar kokkur því einn maður réð ekki við þetta. Ég leysti af sem hjálparkokkur í siglingartúr til Bremerhaven í Þýskalandi.



Það var rétt eftir stríðið og uppbyggingin ekki hafin. Það var hræðileg sjón sem blasti við okkur þar og ógurlegur matarskortur. Húsin voru öll í rúst, það höfðu verið gerðar loftárásir á þau og borgin fór mjög illa út úr þeim í stríðinu. Ef maður fór að dansa við stelpu, það hún alltaf um að gefa sér að borða. Það var ketréttur sem fékkst á öllum sjoppum og hann var borinn fram í ávaxtaskál með teskeið. Þær voru svo máttlausar af sulti að þær báðu alltaf um mat, þær báðu ekki um vín, þær báðu um mat. Í Bremerhaven var hervörður við skipin því fólk var svo hungrað að komast í skipin að ná sér í mat en það var bannað.

Ég kynnist þarna tveim stelpum, 15 og 16 ára, og þær bjóða mér með sér heim. Pabbi þeirra hafði verið drepinn í stríðinu og tveir bræður þeirra. Þær bjuggu með mömmu sinni í útiskúr því húsið þeirra var algjörlega lagt í rúst. Í skúrnum var ein kolakabyssa en kol voru ekki fáanleg, þau voru svo eftirsótt og kostuðu peninga sem ekki voru fáanlegir. Þær tíndu timbur úr föllnum húsum, það voru alls staðar fallin hús og þar voru innanstokksmunir í méli, og þær fóru og sóttu þetta til að hita upp skúrinn og sjóða mat ef þær komust yfir. Það var ekkert rennandi vatn og þær sóttu vatn í vatnspóst sem var þarna. Það var tekið mjög vel á móti mér en ég var nú ekki nema 15 ára og konan bauð mér kaffi. Það er það versta kaffi sem ég hef smakkað á ævinni, ég held að það hafi verið búið til af trjárótum. Þær gátu hitað vatn en þær náðu hvergi í mat. Þetta var skelfilegt ástand. Það fór fljótt úr manni Þjóðverjahatrið eftir að maður kom þarna. Þjóðverjahatrið var mjög mikið á Íslandi af því að þeir voru að skjóta niður íslensku sjómennina, jafnvel þegar þeir voru komir á fleka, tíndu þá niður, kafbátarnir og flugvélarnar, maður heyrði af þessum hörmungum, en þýska fólk var yndislegt og það átti þetta ekki skilið. Þær tóku vel á móti mér þótt mér fyndist ekki kaffið gott. Skúrinn þiljuðu þær í tvennt með timbri úr föllnum húsum og í svefnherbergi var eitt rúm en þar var enginn upphitun, það var bara frammi. Tíu árum seinna kom ég aftur og þá var þetta allt annar heimur. Þarna var svo mikið af kvenfólki því það var búið að drepa alla karlmennina. Nokkrar þessara kvenna komu síðar til Íslands og gerðust vinnukonur.

Fljótlega lá leiðin hjá mér á sjóinn fyrir alvöru. Það hafði geislað heimsstyrjöld og margir sjómenn fórust. Við Íslendingar urðum fyrir ógurlegu mannfalli miðað við fjölsfjölda í stríðinu. Það var siglt í skipalestum því það var svo mikið af þýskum flugvélum og kafbátum, fyrst í stríðinu, og þú máttir ekki hreyfa þig frá skipalesinni. Talstöðin var innsiglið og þú máttir ekki nota hana því þá heyrðu Þjóðverjarnir. Skipalestum fylgdu tundurspillar til varnar sem vörpuðu djúpsprengjum á kafbátana og þýskar flugvélar gerðu árásir og það fórst mikið af íslenskum skipum. Þjóðin var afar þakklát sjómönnum. Eftir stríðið vildu allir strákar verða sjómenn, þar voru hetjurnar, ekki að fara í nám, nema bara Stýrimannaskólann, hann var toppurinn. Í þakklætisskyni fyrir frammistöðu sjómanna þá gaf íslenska þjóðin sjómannaáttinni Sjómannaáttina í Reykjavík á sjómannaáttinni árið 1944, þjóðin byggði það glæsihýsi, sem þótti á þeim tíma alveg sérstakt, og gaf sjómönnum skólann vegna frammistöðunnar í stríðinu við að bjarga þjóðfélaginu, gefast ekki upp þótt mannfali væri svona mikið. Við efnumst töluvert á stríðinu og eftir stríð kaupum við skipaflota því það var búið að sökkva svo mörgum skipum. Það var ekki hægt að byggja skip í landinu því það fékkst ekki neitt, ekki einu sinni timbur og allt var skammtað. Þá voru keyptir 32 togarar sem voru kallaðir nýsköpunartogarar. Þetta voru flottustu skip í heiminum á þeim tíma, þeir voru helmingi stærri heldur en gömlu skipin. Menn sögðu að þetta væru svo mikil skip að ekkert veður gæti grandað þeim. Þeim var haldið afar fast úti til að byrja með og það átti ekki að taka inn troll fyrir en það var ekki lengur stætt en svo var dregið úr því og mannfali minnkaði við það. Þessi skip okkar vöktu athygli alls staðar í heiminum því heimurinn var allur í rúst og menn voru að byggja upp borgirnar en það var enginn að smíða skip. Þetta voru síðutogarar og við höfum aldrei átt jafn flott skip miðað við heiminn, við vorum stökki á undan í þessu.

Þegar við komum fyrst á Grænland þá vöktum við mikla athygli. Þjóðirnar voru þá að senda alls konar koppa á Grænland, bara til að ná í mat. Matvælskorturinn var svo mikill í heiminum að það voru sett troll aftan

í gufuflytningaskip, það voru meira að segja seglskútur á handfæraveiðum með allt að 80 dörum. Mikið af þessum dörum fórst við Grænland. Þá komu á miðin þessi miklu skip okkar sem vöktu algjöra undrun enda fiskuðu þau gífurlega mikið.

Ég var ráðinn annar stýrimaður á Úranus, þá var ég 24 ára gamall, kornungur, og búinn að fara á Stýrimannaskólann. Við lögðum upp frá Reykjavík á Úranusi til Nýfundnaland. Skipstjóri var Helgi Kjartansson, kallaður Presturinn. Hann gekk alltaf undir nafninu Presturinn. Það var út af því að þegar nýir menn komu um borð hjá honum þá bjó hann alltaf til nafn á þá. Hann spurði þá ekki að heiti fyrr en þeir voru búnir að vera þrjá tóra: Heyrðu, Hillaríus, hvað heitirðu annars? Þá skírðu þeir hann Prestinn. Hann var mikill og harður sjósóknari. Úranus var einn af Tryggvatogurunum og Tryggvi gerði miklar kröfur, það áttu allir að vera í hæstu sætum. Ég komst þarna um borð þegar annar stýrimaður fór út af grindinni, það kom brot og hann hvarf í sjóinn. Þeir kláruðu túrinn – þeir fóru ekkert í land þótt einn væri farinn! Grindin var við spilið og sá sem stjórnaði hífingunni stóð á grindinni. Ég tók við af honum. Ég var þá hjá útgerðinni, var netamaður á Marsinum, en var færður yfir á Úranus sem annar stýrimaður.

Einu sinni sem oftast vorum við á Úranusi úti yfir jólin í karfatúr við Nýfundnaland. Þetta var 1958 eða 1959 en ég kláraði skólann 1957. Síðan kemur að því að það verður heilagt og við erum að taka trollið en Presturinn er þá í glugganum að messa. Þá tókum við eftir því hvað hann var orðljótur, úr stólum, þá gekk hann fram af okkur af því að það voru jólin, annars tókum við ekki eftir þessu, vissum bara ekki af þessu, en þegar orðið var heilagt þá heyrðum við þetta. Þá fórum við upp í brú til loftskeytamannsins því það náðist ekkert útvarp en hann gat náð í einhverja kanadíska stöð og þar hlustuðum við á jólamessu, uppi hjá loftskeytamanninum, en á meðan heyrðum við einnig messuna frammi í brú hjá Prestinum. Hann bar nafnið með rentu.

Um borð var maður sem var mikill drykkjumaður en rosalega duglegur sjómaður. Konunni var illa við að hann drykki en þá




var hann kannski fullur allan tímann í landi. Hann sagði að konan væri að byggja, hann var ekki að byggja, það var hún! Hún tók alla peningana en hann seldi í soðið í hótélunum og svoleiðis fékk hann drykkjuaura. Hann var bráðskemmtilegur þessi kall og hann var sá eini sem mátti þenja sig við Prestinn. Þegar ég kem um borð segir hann við mig: Mér líst vel á þig, ungi maður, ég skal bakka þig upp, en rífdú kjaft við kallinn, hann hefur gott af því. Við köstum í fyrsta skipti og það er óklárt. Þá var þeim sem var að stjórna slökuninni alltaf kennt um. Þá fór maður aftur á blökk og þreifaði á vírunum og maður sá það á vírunum ef það var óklárt. Presturinn kom út á brúarvægin og það er aftur óklárt og ég er nötrandi og skjálfandi. Svo er í þriðja skiptið óklárt og ég skil ekkert í þessu en Presturinn er alveg ær og vitlaus á brúarvængnum. Hann æpir á vin minn: Hvað er hann að segja? Hann segir, æpti vinur minn til baka, að þú sofir við stýrið þegar þú ert að slaka, svo kennirðu alltaf öðrum um,

hann er að segja það! Ég hefði náttúrulega aldrei vogað mér að segja þetta en svona gat þessi vinur minn atast í Prestinum. Síðar fékk ég að vita að vegna óvenjulegra strauma þarna var oft óklárt hjá togurunum.

Tryggvi Ófeiggsson bannaði mönnum að taka soðmat í land. Menn voru að láta fisk síga og svona en þá var það skipun ef menn voru ekki búnir að taka fiskinn þá ætti að kasta honum öllum í sjóinn á ytri höfninni því Tryggvi mætti ekki sjá þetta. Menn höfðu auðvitað ýmis ráð við þessu og björguðu sér um soðningu í trássi við bannið. Í einum túrnum kemur upp heilmikil spraka og hún er á spilgrindinni þegar komið er til hafnar. Tryggvi stekkur um borð, kemur á spilgrindina þar sem lúðan var, sparkar með fyrirleitningu í hana og segir hranalega: Hver er með þetta? Vinur minn hrópar samstundis til Tryggva: Láttu þetta kjurt, þetta á ég! Tryggvi lét þar við sitja og hélt ferð sinni áfram upp í brú.

Við komum vanalega til Reykjavíkur um 5-6 á morgnana svo næðist í daginn að landa. Það var alltaf stoppað í sólarhring, það var í samningum. Rétt áður en ég byrjaði þá voru 12 og 6 tíma vaktir á nýsköpunartogurunum. Þá gerðu þeir verkfall, það var mjög hörð vinnudeilda, þessi stóri floti var stoppaður í langan tíma. Þetta var aðal tekjuöflun þjóðarinnar. Fyrst voru engin vökulög, menn stóðu meðan þeir gátu, en svo gerist þetta að þeir fara fram á að fá 12 tíma hvíld á sólarhring, 6 tíma á dekki og 6 tíma í hvíld, og til þess þurfti verkfall. Það var fátítt að menn fengu frí. Þessi pláss voru afar eftirsótt til að byrja með og þegar Sólborgin kom ný þá sóttu 200 manns um pláss. Á síðustu árum síðutogarana voru svo mikil uppgrip í síldinni að erfitt var að fá mannskap á skipin. Þá komu nýir síldarbátar og sjómenn byggðu heilu húsin eftir síldarvertíð. Togararnir voru þá ekki samkeppnisfærir með þénustu á við síldarbátana.



Úranus RE 434. Mynd Atli Michelsen.



Á nýsköpunartogurunum var mjög gott fæði alla tíð. Það var kjöt alltaf aðra máltíðina og fiskur hina og mjög fjölbreytt fæði. Það voru frystiklefar í togurunum þar sem geyma mátti matinn í frosti. Mjólkina frystum við og höfðum yfirleitt mjólk fyrsta mánuðinn af þessum 2-3 mánuðum sem við vorum á salti við Grænland. Ég var fimm sumur á salti við Grænland.

Fyrst komu 32 togarar og það var svo mikil eftirsókn að þeim var dreift víða um landið en ríkisstjórnin stóð fyrir kaupunum. Síðar voru 10 togarar fengir til viðbótar. Þeir voru miklu dýrari og þá þurfti að gera eitthvað trix til að þeir þénuðu meira, því þeir skulduðu meira. Því var sett upp mjólfraflæðsla í þeim til viðbótar við lifrarbræðslu en það var lifrarbræðsla í öllum gömlu togurunum og nýsköpunartogurunum líka. Íslensk uppfinning í lifrarbræðslu reyndist heilmikil bylting. Þannig var að farið var með lifrarkörfurnar aftur í til bræðslu í bræðsluhúsinu en stundum var lifrarmaðurinn að fara út af ganginum þegar komu brot og þetta var eitt hættulegasta starfið. Þá voru smíðaðir í Héðni lifrarkallar sem svo nefndust. Lifrarkallinn var kar sem stóð á fjórum fótum á dekkinu og svo lágu rör frá honum ofan dekkis í kverkinni á dekkinu við keisinn. Lifrin var sett í kallinn, lokið fest tryggilega, og gufu hleypt á. Gufan skaut lifrinni aftur um rörin í stóran lifrartanka sem var fyrir ofan bræðsluhúsið og bræðslumaðurinn gat hleypt lifrinni eftir

hentugleikum niður til sín úr tankanum. Þetta var bylting í vinnubrögðum því þetta hættulega starf að fara með lifrina lagðist af. Þegar legið var í landi þá var hætta á að frysi í rörunum og þess vegna varð að tæma rörin áður en farið var í land og þau hreinsuð út með gufu. Síðan var skrúfað fyrir gufuna og lokað fyrir rörin. Þá erum við að fara út í fyrsta túr og strákur var á pontinum. Hann skrúfar frá gufunni en þá hvæsir kallinn því gufan kemst hvurgi, því það var allt lokað. Strákurinn verður hræddur, lokar fyrir gufuna og hleyptur frá. Þá kemur Steini bróðir Hannibals á Hanhóli og segir: Látið mig sjá, en hann var stundum kallaður Látið-mig-sjá, og hann fer og skrúfar fullt frá gufunni. Við sáum ekkert fyrir gufu en þegar rofaði til var lifrarkallinn horfinn, hann hvarf til himins, og brúin var öll löðrandi í grút eftir lifrina sem verið hafði í kallinum og átti að skjóta aftur í, en eftir stóðu lappirnar á kallinum. Strákarnir sögðu að þetta hefði verið fyrsta geimskotið, því þetta var á undan Rússunum, og fullyrtu að kallinn hefði farið umhverfis jörðu! Ásberg, forstjóri, skrifaði skemmtilegt bréf til Héðins, vélsmiðjunnar sem var framleiðandi að köllunum og sagði þeim þessa sögu. Nema hvað að þeir sendu annan kall frítt til baka, það þurfti ekki að borga hann, þeim þótti svo gaman að sögunni. Lifrarkallinn og þessi útbúnaður var íslensk uppfinning og mikið framfaraspor.

Fyrst þegar við fórum á saltið við Grænland þá var lokað fyrir okkur. Þá lokaði Danmörk öllum viðskiptum við togarana. Þá var ekki nema þriggja mílna landhelgi og þarna voru skip allstaðar að úr heiminum því matvælskorturinn var svo mikill. Það var svo svakalegur floti að Danirnir voru hræddir um að hann myndi geryða miðunum. Þess vegna gripu þeir til þess ráðs að afgangið engin skip, enginn fékk þjónustu, sem varð til þess að hefta úthald flotans. Færeyingar höfðu aðstöðu á Grænlandi sem kallaðist Færeyingahöfn og Íslendingum tókst að semja við þá. Í Færeyingahöfn gátu því íslensk skip fengið kost, olíu, salt og vatn en allt vatn var skammtað um borð og var vel passað upp á það. Færeyingarnir hafa oft bjargað okkur. Í Færeyingahöfn var norsk sjómannastofa þar sem einhverja afþreyingu var að fá. Við vestur Grænland var alltaf stillt veður. Það var alltaf rennisléttur sjór því ísinn var svo stutt undan og hann myndaði skjól. Þetta var eins og að vinna í landi þegar við vorum að fiska en það voru alveg ógurlegar þokur sem gátu verið til vandræða ef radarinn virkaði ekki. Hins vegar þegar komið var að Hvarfi á Grænlandi þá var það eitthvert versta veðravíti sem til var.

Ég þakka Guðmundi kærlega fyrir spjallið í tilefni af 80 ára afmæli Sjómannadags Bolungarvíkur og við kveðjum hann að svo komnu máli, Helgi Hjálmtýsson.

DRYMLA, FÉLAG HANDVERKSFÓLKS

Drymla kallast félagsskapur handverksfólks í Bolungarvík. Félagið var stofnað 24. október 1993. Stofnfélagar voru sjö: Ósk Jósepsdóttir, Soffía Hauksdóttir, Margrét S. Hannesdóttir, Hjördís Jónsdóttir, Helga Jónsdóttir, Margrét Ólafsdóttir og Nikólína Þorvaldsdóttir. Í dag eru félagar fjórtán.

Drymla hefur notið ómetanlegs stuðnings frá bæjarfélaginu frá upphafi, en það hefur lagt félaginu til húsnæði, fyrst í Gamla skólanum, þar sem Tónlistarskólinn er nú og seinustu árin að Vitastíg 1.

Nafn félagsins er dregið af tjörn sem á árum áður var ofan við sjávarkambinn miðsvæðis í þorpinu. Nafnið var þá oftast ritað með einföldu i-i. Bolvíkingar þvoðu þvotta í Drymlu eins og eftirfarandi vísa lýsir ágætlega.

Drimla var lækur og lítið auga

í dýi hjá grænum reit.

Uppspretta vatns í ófögru slýi,

ölkelda lífsins í minni sveit.

Árið 1998 var Sigríður Guðjónsdóttir gerð að heiðursfélagi Drymlu og var meðfylgjandi mynd tekin við það tækifæri.



Ásta Hjálmsarsdóttir, Sigríður Guðjónsdóttir og Sigurvin Guðbjartsson



REGLUR Í KAPPBEITNINGU

Hér eru teknar upp reglur í kappbeitningu Sjómannadagsins í Bolungarvík eða reglur um kappbeitingu eins og þær heita í skjalinu. Segja má að þessi keppni sem var afar vinsæl á fyrri sjómannadögum sé nú aflögð. Þá hefur vægi handbeitningar einnig verið að minnka vegna tæknilegra framfara við vélbeitningu.



Reglur um kappbeitingu.

2 lóðir, 100 önglar hver. Lengd milli tauma 2 álnir og 4 þumlungar. Öll plássin skulu númeruð. Keppendur draga um plássin. Keppendur leysa hálsinn á fyrri lóðinni, og leggja hann á balann, standa síðan reiðubúnir, án þess að halda um lóðina. Byrjunarkerki gefur dómnefnd.

Við endir seinni lóðar lætur keppandi hálsinn í stokkinn, og leggur hann í balann.

Ef aðeins 2 önglar krækjast saman, telst það ekki neitt, en flóknir fleiri, teljast 2 þeir fyrstu einnig með, og verður þá reglan þessi:

Fyrir 3 öngla bætist við tíma keppandans 20 sek.

Fyrir 4 öngla bætist við tíma keppandans 30 sek.

Fyrir 5 öngla bætist við tíma keppandans 45 sek.

Fyrir 6 öngla bætist við tíma keppandans 60 sek.

Fyrir 7 öngla bætist við tíma keppandans 90 sek.

Fyrir 8 öngla bætist við tíma keppandans 120 sek.

Fyrir 9 öngla bætist við tíma keppandans 180 sek.

Fyrir 10 öngla bætist við tíma keppandans 240 sek.

Flóknir fleiri koma verðlaun ekki til greina.

Ef beitur detta af, reiknast 2 þær fyrstu ekki neitt, ef ekki koma fleiri til, en detti fleiri en 2 af, teljast þær með, þannig að:

Fyrir 3 beitur bætist við tíma keppandans 20 sek.

Fyrir 4 beitur bætist við tíma keppandans 30 sek.

Fyrir 5 beitur bætist við tíma keppandans 45 sek.

Fyrir 6 beitur bætist við tíma keppandans 60 sek.

Fyrir 7 beitur bætist við tíma keppandans 90 sek.

Fyrir 8 beitur bætist við tíma keppandans 120 sek.

Engin verðlaun, ef fleiri beitur detta af.

Ef einhver hnýtir saman lóðirnar, kemur sá sami ekki til greina til verðlauna og fellur út.

ÓSKUM SJÓMÖNNUM OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN



STRANDVEIÐIFÉLAGIÐ KRÓKUR, FÉLAG
SMÁBÁTAEIGENDA Í BARÐASTRANDARSÝSLU

SÓLBORG EHF.
FISKVINNSLAN DRANGUR EHF.
AÓA ÚTGERÐ EHF.

ÍSLENSKA KALKPÖRUNGAFÉLAGIÐ HF.
ALDAN ÍS 47



FRÁ FORMANNI ELDINGAR, FÉLAGI
SMÁBÁTAEIGENDA Í ÍSAFJARÐARSÝSLUM



HRADFRYSTIHÚSIÐ- GUNNVÖR HF.

Sjálfbær nýting sjávarauðlinda



Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf – 450 4600 – www.frosti.is



BJARNABÚÐ

Verslun Bjarna Eiríkssonar hefur verið í rekstri í Bolungarvík síðan 1927. Eigendur eru Stefanía Birgisdóttir og Olgeir Hávarðsson. Þau eru þó aðeins þriðju eigendur verslunarinnar á öllum þessum árum. Fyrsti eigandinn var Bjarni Eiríksson og við rekstrinum tók svo sonur hans Benedikt Bjarnason.

Í Bjarnabúð má finna allar verslunarbækur og skjöl frá rekstrinum í áratugi. Tæki sem notuð hafa verið við verslunina eru enn til, svo sem vogir, fyrstu reiknivélarnar og búðarkassarnir, og upphaflegu innréttingarnar eru enn uppi á háalofti. Verslun Bjarna Eiríkssonar er ein af þessum örfáu perlum sem eftir eru í íslensku verslunarsögu.



Við erum alltaf til staðar og reynum að veita persónulega þjónustu, segir Stefanía, kaupmaður í Bjarnabúð. Það er opið alla daga ársins hjá okkur nema tvo daga á ári sem eru jóladagur og nýjársgdagur.

Í Bjarnabúð má finna allt milli himins og jarðar, vefnaðavörur, bækur, gjafavörur, leikföng og ungbarnafatnað í vönduðum merkjum og svo auðvitað fót á mömmurnar og pabbana líka.

Bjarnabúð er einnig matvöruverslun og þar eru til sölu léttisaltaðir þorsknakkar sem fást hvergi annarsstaðar, ekta þorskalýsi frá Dropa og mjólkurvörur frá Örnun. Það er því óhætt að segja að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi í Bjarnabúð.



EKKI SOFNA Á VERÐINUM

Láttu ekki ofþreytu sigla þér í strand. Svefnskortur er algeng orsök slysa á sjó. Gætum þess að fá næga hvíld og vökum yfir öryggi okkar.



SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ
Siglingaráð

Samgöngustofa 



GLEÐILEGAN SJÓMANNADAG

Arctic Fish óskar öllum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn





VIÐTAL VIÐ JAKOB VALGEIR FLOSASON

STAÐA OG FRAMTÍÐARHORFUR JAKOBS VALGEIRS EHF.

Útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækið Jakob Valgeir ehf. er staðsett í Bolungarvík. Fyrirtækið er í hópi tuttugu stærstu fyrirtækja í sjávarútvegi á Íslandi. Undirritaður kom að máli við Jakob Valgeir Flosason, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, á skrifstofu hans í Bolungarvík.

Jakob Valgeir, þú ert héðan úr Bolungarvík?

Já, það er rétt, ég er fæddur og uppalinn hér í Víkinni. Foreldrar mínir eru Jónína Brynja Ásgeirsdóttir og Flosi Valgeir Jakobsson.

Hvert er upphaf fyrirtækisins?

Pabbi og bróðir hans, Finnbogi Jakobsson, hófu útgerð með kaupum á 10 tonna trébát 6. apríl 1985 og það er upphafið að fyrirtækinu. Nokkrum mánuðum eftir kaupin stofnuðu þeir fiskvinnslu. Ég kem hérna aftur 1997 og þá erum við að vinna úr tiltölulega litlu með fjórar konur í vinnslunni og við vorum einnig fjórir en við vorum ekki með mikinn kvóta þá. Ég er búinn að vinna hjá fyrirtækinu frá stofnun en ég var þrettán ára þegar þeir stofnuðu fyrirtækið. Fyrirtækið er enn í eigu fjölskyldunnar, fjölskyldufyrirtæki, og hefur alltaf verið það.

Útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, er þetta góð blanda?

Já, það er það í okkar tilfalli. Útgerðin og fiskvinnslan eru undir sama hatti. Fiskvinnslan er stillt af eftir því sem áætlað er að veiða yfir árið og síðan er veiðunum jafnað út yfir árið. Það er lykiltríði í því að vera með stöðuga vinnslu.

Hvernig er rekstrarumhverfi fyrirtækisins?

Rekstrarumhverfið er ágætt í augnablikinu, það veiðist vel og afurðaverð eru góð, það hefur oft verið verra. Hins vegar eru skattar íþyngjandi og umhverfið er að því leyti



Jakob Valgeir Flosason, framkvæmdastjóri.

nokkuð vanþróað. Ég held að staður eins og Bolungarvík hafi verið að greiða um 400 milljónir í veiðigjöld á síðasta ári sem er hátt í hálf milljón á hvern aðila í sveitarfélaginu. Þessi verðmæti verða til vegna starfsseminnar hér í Bolungarvík en ekkert af þeim verður eftir í byggðarlaginu. Þessi verðmæti eru nýtt annars staðar.

Hvað rekur fyrirtækið marga báta?

Við höfum verið að gera út fjóra báta en hættum fyrir nokkru að gera út einn þeirra, við vorum með hann á leigu í nokkur ár. Við keyptum togarann Sirrý árið 2016 og síðan þá höfum við ekki verið að taka stórar ákvarðanir. Við eigum líka línubátinn Þorlák og það stóð til að selja hann þegar Sirrý kom en við fengum ekki viðunandi verð svo hann hefur verið leigður út hér í Bolungarvík en við komum ekki að rekstri hans. Síðan eigum við og gerum út Jónínu Brynju og Guðmund Einars.

Hvernig hefur gengið með Sirrý?

Það hefur gengið rosalega vel. Kaupin á

Sirrý reyndust mikið gæfuspor fyrir okkur. Togarinn breytti mjög miklu í hráefnisöflun og sveiflujöfnun því það hafa alltaf verið mjög miklar sveiflur í útgerð línubátanna, mjög misjafnt hvað þeir hafa náð að fiska. Að vísu hefur verið mjög gott á þeim undanfarna mánuði eftir að við breyttum þeim og tókum upp vélbeitingu en árin þar á undan gekk mjög illa, áður en við hættum með handbeitingu.

Hvernig hefur gengið að fá fólk til starfa?

Það hefur gengið fint núna undanfarið að fá á bátana en annars höfum við leitað mikið til Póllands eftir vinnuafli en í landvinnslunni starfa um 100 manns. Það eru margir Pólverjar hjá okkur í vinnslunni og margir þeirra hafa verið mjög lengi. Íslendingar fást síður í landvinnsluna, þeir eru ekki margir.

Hvernig hefur þjónusta bæjarfélagsins verið?

Þjónustan hefur verið ágæt. Ég upplifi bæinn mjög jákvæðan gagnvart okkur, þó að það mætti eflaust gera ýmislegt, en það er ekki hægt að taka öll skref í einu. Í vöndum veðrum er erfitt að komast inn í höfnina, eins og fyrir togarann, innsiglingin er þröng, og athafnapláss mætti vera stærra.

Hvernig er með veitumál?

Það eru um þrjár vikur síðan að fengum leyfi hjá bænum til að bora tvær holur hér á planinu hjá okkur. Þær holur eru að gefa okkur um 100 tonn af vatni á klukkutíma, við vitum ekki nákvæmlega hvað það er mikið, en það er algjörlega tært og gott ferskvatn. Við höfum oft verið í vandræðum á vorin með vatn en nú horfir það til betri vegar og við erum að bíða eftir dælum. Það verður allt annað líf og við munum nota þetta vatn í vinnsluna. Þetta gæti



endað með því að við færum að selja bænum vatn, segir Jakob Valgeir og hlær.

Hvað er fyrirtækið með mörg þorskígildistonn?

Við höfum verið með um 6 þúsund þorskígildistonn.

Hver er hlutdeild fyrirtækisins í lönduðum afla hér í Bolungarvík?

Við erum líklega með um helming af lönduðum afla í Bolungarvík sem kemur hingað til okkar. Hér hjá Jakob Valgeir erum við að vinna svona um 7-8 þúsund tonn á ári en svo fer einnig eitthvað af afla frá okkur á markaðinn. Það sem fer í gegn í vinnslunni hjá okkur er mest þorskur, svo ufsi, ýsa og svo smávegis af steinbít.

Er unnið á vöktum í landvinnslunni?

Nei, stundum er yfirvinna og stundum er unnið á laugardögum en við höfum ekki verið með mikla yfirvinnu. Fyrir tveim, þrem árum var yfirvinna mun meiri hjá okkur en það er mjög dýrt að vinna yfirvinnu.

Er fyrirhugað að taka upp vaktafyrirkomulag?

Við höfum verið að huga að fjárfestingum. Við þurfum stærri lausfrysti og við höfum þegar fjárfest í stærri frystipressum til að geta fryst meira. Það hefur einnig verið til skoðunar að róbótavæða vinnsluna, það er það nýjasta, að róbótar taki við þökkun.

Hvað með handbeitninguna?

Við erum hættir með handbeitninguna nema

á Guðmundi Einarssyni en það hefur engin ákvörðun verið tekin með beitninguna fyrir hann.

Hverjar eru framtíðarhorfur fyrirtækis af þessari stærð?

Þetta fyrirtæki þyrfti að vera stærra. Ég held að við séum samt að gera ágætis hluti með þessa stærð. Því stærri sem fyrirtækin eru og meira fer gegnum vinnslurnar því fyrr borga fjárfestingarnar sig til baka. Í kringum 2000 vorum við að taka 1000 tonn í gegn á ári en nú erum við að taka á einu ári það sem tók 7 ár áður. Það er mun auðveldara að kaupa tæki eftir því sem fyrirtækið er stærra.

Hvernig gengur að fjármagna svona vöxt og breytingar?

Það hefur gengið ágætlega. Það hefur verið mest í gegnum íslensku bankana. Erlendu bankarnir lána fyrst og fremst gegn nýlegum skipum sem við erum ekki með, þeir lána ekki í kvóta heldur skipin sjálf.

Hvað þyrfti að breytast til að tryggja reksturinn betur?

Við erum á ágætis stað í augnablikinu. Við erum með fína afkomu og fínt eigið fé. Síðasta ár er langbesta árið í sögu fyrirtækisins. Við erum með eitthvað um tvo milljarða í hagnað á síðasta ári, eigið fé er um fjórir milljarðar.

Hver er helsti kosturinn við að vera hér í Bolungarvík?

Það er mikill kostur hvað það er stutt á miðin. Af því að við erum ekki í flugi, því við erum

að frysta, þá er það mjög mikill kostur að vera hérna. Ég segi stundum að fiskimóttakan okkar sé um þrjá-fjóra klukkutíma í burtu. Það sparar olíu og togarinn okkar er oft að landa tvisvar í viku meðan flestir eru að landa vikulega. Togarinn er að veiða 5-6 þúsund ígildi á ári og því er í raun dreift eftir hentugleika á árið. Honum er stýrt þannig að hann veiðir eftir því hvað hinir bátarnir eru að fiska og þannig tryggjum við stöðuga landvinnslu.

Hvernig horfir laxeldi í Ísafjarðardjúpi við þér?

Ég hef ekki kynnt mér laxeldi að neinu ráði en kosturinn við laxeldi fyrir okkur yrði eflaust mun betri samgöngur. Við myndum sennilega færast nær útlöndum við það. Það held ég að væri kosturinn. Einnig væri sterkara samfélag mikill kostur en ég hef svo sem ekki skoðun á því hvort það eigi að vera laxeldi eða ekki. Ég hef litlar áhyggjur af samkeppni um fólk því við höfum hvort er þurft að sækja fólk erlendis frá. Það væri helst í samkeppni um störf sem laxeldi gæti haft áhrif á okkur. Við þurfum hins vegar að fækka störfum til að gera okkur samkeppnishæfari og þá eigum við fleiri störf inn í framtíðina. Ef að við erum með allt of mörg störf miðað við aðra þá deyjum við.

Einhver lokaorð?

Við hjá fyrirtækinu óskum Bolvíkingum og öðrum landsmönnum til hamingju með sjómannadaginn!

Helgi Hjálmtýsson



SÚÐAVÍKURHREPPUR

ÓSKAR SJÓMÖNNUM OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA
TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN.

SJÓMANNADAGURINN 2. JÚNÍ SÚÐAVÍK

MESSA KL. 14 Í SÚÐAVÍKURKIRKJU.

EFTIR MESSU VERÐUR AFHJÚPAÐ SKILTI
VIÐ MINNISVARÐAN.

SÍÐAN VERÐUR KAFFI OG SÝND STUTTMYND
Í FÉLAGSHEIMILINU ÁSAMT RÆÐUHÖLDUM.

ALLIR VELKOMNIR.



BJAGGA VATNSBERI

Það er svo margt sem við tökum sem sjálfsögðum hlut í dag og nýtum án þess að hugsa nokkuð um þau lífsgæði sem við búum við og teljum sjálfsögð, s.s. að skrúfa frá krana til að fá heitt eða kalt vatn fyrirhafnarlaust.

Vatnsleiðslur voru fátíðar framan af 20. öldinni og þurfti að sækja allt vatn í brunna eða læki. Í kaupstöðum var þetta oft starf eldra fólks sem var sífellt á ferli á milli húsa með föturnar og berann. Vatnsveita var lögð í Bolungarvík árið 1942. Ári áður birtist frétt í *Morgunblaðinu* undir fyrirsögninni „Vatnsveita í Bolungarvík er aðkallandi nauðsynjamál“. Í fréttinni kom fram að ástand það sem Bolvíkingar byggju við í þessum efnun væri með öllu óviðunandi, auk þess sem hin mesta óhollusta gæti af því leitt. Þorpsbúar sæktu allt sitt vatn sitt í brunna sem grafnir væru niður í sjálfu þorpinu



Umfjöllun um vatnsveitu í Bolungarvík í Morgunblaðinu 14. ágúst 1941.

misjafnlega langt frá húsunum. Í sumum þeirra væru að vísu dælur og leiðslur í brunna en meginþorri fólks þyrfti að sækja vatnið með tilheyrandi fyrirhöfn og óhagræði. Og þar kom hún Bjagga gamla til sögunnar.



Aðalbjörg Þórðardóttir 1874-1950. Myndin tekin úr tímaritinu Réttur, 1. hefti 1986.

Uppruni

Heimildir eru fáar um hana Bjögg, eða Aðalbjörgu Þórðardóttur eins og hún hét fullu nafni. Þó eru meginráttir lífshlaups hennar skráðir samviskusamlega í kirkjubækur; hvenær fædd, skírð, fermd og dái. Hverjir foreldrar hennar voru og síðar búseta og staða.

Aðalbjörg var fædd í Ögursókn 24. september 1874, óskilgetið barn vinnuhjúanna Maríu Jóhannsdóttur á Eyði í Hestfirði og Þórðar Guðmundssonar á Svarthamri í Álftafirði. Hún fylgdi mömmu sinni í vist á ýmsum bæjum í sveitinni, sem var síður en svo sjálfsagt því oftast urðu börn fátækra vinnukvenna ómagar, þ.e. þeim var komið fyrir á einhverjum bæjum með meðlagi frá hreppnum. Samkvæmt manntali 1890 var Bjagga, 16 ára gömul, enn með mömmu sinni sem var þá gift kona á Hraf nabjörgum. Rúmlega tvítug varð hún barnshafandi eftir mann í sömu sveit. Hét hann Gísli Jónsson og var kallaður stóri Gísli, giftur maður og helmingi eldri en hún. Þann 21. september 1896 eignaðist Bjagga dóttur sem var skírð Guðbjörg. Var henni komið fyrir hjá föður sínum þar sem hún átti síðan heimili en hún lést 4. júlí 1909, rétt fyrir fermingu.

Hneyksli á höfuðbóli

Skömmu eftir fæðingu Guðbjargar réð Bjagga sig sem eldhússtúlku í Ögri, stórbýli þar sem ekkjan Þuríður Ólafsdóttir réði ríkjum ásamt þremur stálpuðum börnum sínum, þeim Halldóru, Þuríði og Árna en hátt í 30 manns voru þarna til heimilis. Þegar leið á árið 1902 veitti fólk því athygli að Bjagga var farin að þykkna undir belti og brátt duldist engum að stúlkan væri aftur barnshafandi. Þann 2. september 1902 eignaðist hún dreng. Aðspurð um faðernið þá sagði hún föðurinn vera Árna, einkason Þuríðar, rétt um tvítugt. Gekkst hann við barninu en sagan segir að móðir hans hafi ekki svo mikið sem litið á barnabarnið og engum duldist að Bjagga og drengurinn voru ekki velkomin í Ögri. Sóknarpresturinn, séra Sigurður Stefánsson í Vigur, kom þann 23. nóvember og skírði drenginn Harald. Mun hann hafa haft milligöngu um að Haraldur var settur í fóstur til hjónanna Andrésar Jóhannessonar og Þorbjargar Ólafsdóttur á Blámýrum og voru þau guðforeldrar drengsins. Það má skjóta því hér inn að Þuríður í Ögri átti eftir að lenda í frekari vandræðum með einkasoninn sem taka skyldi við búinu eftir hennar dag. Rétt tæpum tveimur mánuðum eftir að Haraldur litli fæddist, eignaðist önnur vinnukona í Ögri, Guðbjörg Ólafsdóttir, stúlubarn og lýsti Árna föður þess. Neitaði hann að gangast við barninu en neyddist þó til þess um síðir.

Vorið 1905 sigldi Árni utan til náms við landbúnaðarskóla í Danmörku en átti ekki afturkvæmt heim því að hann fyrirfór sér um haustið, rétt tæplega 24 ára gamall. Litla stúlkan hennar Guðbjargar hlaut nafnið Líneik og þrátt fyrir að vera lausaleiksbarn þá átti hún eftir að verða ættmóðir Ögurættarinnar þar sem afkomendur Þuríðar í Ögri urðu ekki fleiri.

Vinnukona í Vigur

Eftir skandalinn í Ögri fékk Bjagga fyrst vist sem vinnukona á Hvítanesi en var síðan á Eyri í Skötufirði fram til ársins 1909 að séra Sigurður og frú Þórunn í Vigur réðu hana til sín



sem eldhússtúlku. Stúlka ein, sem var samtíða Bjöggu í Vigur, lýsti henni þannig: „Hún var frekar lágvaxin, andlitsfríð og skipti vel litum, sérlega munnfríð og með óvenjulega hvítar og jafnar tennur, handsma og fótneitt, þótt hendur hennar sýndu, að hún hefði ekki setið við hannyrðir um dagana.“

Ekki varð dvölin í Vigur án vandræða. Á heimilinu var ungur vinnumaður, Gunnar Benediktsson, og er hann í sóknarmannatali árið 1909 sagður 17 ára en Aðalbjörg 35 ára. Var gott á milli þeirra Gunnars og Bjöggu en eitthvað urðu kynni þeirra nánari en siðsamlegt þótti og fór svo að enn og aftur tók Bjagga að þykkna undir belt. Þann 18. nóvember 1910 eignaðist hún tvíbura, stúlku sem skírð var Guðbjörg, og dreng sem var skírður Marías. Sagði hún Gunnar Benediktsson vera föður barnanna og ætlaði hann nú ekki að meðganga í fyrstu, en Bjagga sat við sinn keip. Börnunum báðum komið fyrir, hvoru á sínu heimilinu, á vegum hreppsins. Þau áttu hins vegar ekki langa lífdaga fyrir höndum, Guðbjörg lést vikugömul en Marías tæplega sex vikna gamall. Átti Bjagga nú aðeins litla Harald eftir sem bjó í Ögurnesi hjá fósturforeldrum sínum. Eflaust hefur hún oft horft yfir álinn og hugur hennar verið hjá drengnum en fréttir af honum fékk hún reglulega þar sem ferðir á milli Ögurness og Vigur voru tíðar. En oft er skammt stórra högga á milli og árið 1911 var rétt hafð þegar þau tíðindi bárust úr nesinu að Haraldur hefði dáið úr taugaveiki 13. janúar. Var hann rétt tæplega 9 ára gamall og mun andlát hans hafa verið mikið reiðarslag fyrir Bjöggu sem missti þar eina eftirlifandi barnið sitt og líklega það sem hún hafði bundið mestar vonir við.

Bolungarvíkurárin

Í ársbyrjun 1913 fluttu hjónin Gunnar Halldórsson og Guðfinna Hálfánardóttir búferlum frá Vigur að Hóli í Bolungarvík. Með þeim fór Bjagga og var ráðin sem vinnukona á heimili þeirra Gunnars og Guðfinnu. Ekki varð dvölin löng að þessu sinni því árið 1915 flutti hún sig aftur yfir í Ögursókn skv. færslu í prestþjónustubók. En 1920 var Bjagga komin aftur í Víkina og þá skráð til heimilis í Gamla skólanum sem hafði lokið hlutverki sínu sem barnaskóli árið 1902 þegar nýtt hús



Haraldur Árnason, sonur Bjöggu. Ljós. Björn Pálsson / Ljósmyndasafnið Ísafirði.

var tekið í notkun. Gamli skólinn stóð niður á Grundum í húsnæði sem hafði upphaflega verið byggt sem íbúðarhús en hreppurinn keypti það undir skólahald 1890. Líklega hefur húsið verið byggt af vanefnum í upphafi því fljótlega kom í ljós að það var ekki hæft til kennslu vegna þess hversu gisið og lélegt það var. Eftir að barnaskólinn flutti í nýtt húsnæði 1902 varð Gamli skólinn íbúðarhús að nýju og þar voru jafnan nokkur heimili skráð til húsa. Ekki er annað að sjá í sóknarmannatölum en að Bjagga hafi búið þarna til æviloka. Þó ekki í sjálfu húsinu heldur á bak við það í litlum timburskúr sem stóð innan sömu lóðar. Lengi vel deildi hún þessu húsnæði með tveimur gamalmönnum, Guðmundi Jenssyni og ráðskonu hans, Pálmey Sveinsdóttur. Bæði voru sögð á sveitarframfæri þegar þau létust, Guðmundur árið 1935 og Pálmey árið 1943. Eftir það var Bjagga ein í kotinu en hún lést 5. október 1950.

„Þannig var nú lífið hennar Bjöggu gömlu“ Ágúst Vigfússon, sem bjó í Bolungarvík 1934–1957 og var kennari við barnaskólann þar, skrifaði um Bjöggu í bókinni *Mörg eru geðguma* og birtist sú samantekt einnig í ýmsum blöðum. Segir hann svo frá:



Bjagga að bera vatnið. Myndin tekin úr tímaritinu Réttur, 1. hefti 1986.

Mér varð starsýnt á hana, þar sem hún rogaðist áfram með vatnsföturnar. Klæðnaður hennar var allur hinn nóturlegasti. Gúmmískógarma hafði hún á fótum, þríhyrnu á höfði. Pilsögopinn trosnaður og óhreinn, treyjugarmurinn var einnig mjög snjáður. Stundum klæddi hún sig í háleista utan yfir skóna, einkum er sleipt var. En oft vildi verða sleipt í kringum brunninn, ef frost var.

Þannig var nú útgangurinn á henni Bjöggu gömlu daglega. Ég sá hana nærri daglega um 15 ára skeið og alltaf eins klædda. – Hún Bjagga gamla var ekki margmál, en ansaði þó glaðlega, ef á hana var yrt.

Hún sást venjulega á ferli um götur þorpsins frá því fyrir hádegi og langt fram á kvöld. Hún bjó ein í ofurlitlum timburskúr, innarlega í þorpinu. [...] Það sást aldrei reyk leggja upp úr reykháfum á kofanum hennar Bjöggu. Aldrei vissu menn til að hún keypti neitt í verslunum, enda kannski átt fáa aura til að kaupa fyrir. Þó voru það allmargir, sem gáfu henni aura fyrir vatnsburðinn. En enginn vissi til að hún keypti nokkurn tíma nokkuð.

Hún var alltaf í sömu fötunum, að því er virtist, en þegar þau biluðu, hefur hún líklega fengið einhverjar notaðar flíkur gefins hjá



„Vatnsberinn“, myndskreyting eftir Kristinn G. Jóhannsson sem birtist í bókinni Mörg eru geð guma þar sem Ágúst Vigfússon segir m.a. frá Bjöggu vatnsbera.

góðhjörtuðu fólki. – Menn voru stundum að undrast hvernig hún Bjagga gamla héldi starfskröftum, þar sem hún keypti aldrei neitt matarkyns. Ekki svo að skilja að henni væri ekki boðinn bita í húsunum, sem hún kom í, er hún var að sækja vatnið, – en mat þáði hún næstum aldrei. Ef henni var boðinn bita sagði hún oftast: „Nei þakka þér fyrir. En áttu ekki kaffisopa? Er ekki heitt á könnunni?“ Hún drakk þau ósköp af kaffi að undrum sætti. Það var sama í hve mörg hús hún kom, – aldrei neitaði hún kaffi. En aldrei vildi hún neitt með kaffinu, nema sykur og mjólk. – Menn ályktuðu að hún lifði næstum eingöngu á kaffi.

Marga langaði til að gleðja hana, einkum fyrir hátíðir, þar sem sýnt var að hún hugsaði lítt um matargerð og keypti aldrei neitt. – Þeir bjuggu stundum út matarpinkil handa henni, hangikjöt, svið og þessháttar góðgæti og ætluðust til að gamla konan hefði þetta fyrir sig yfir hátíðisdagana. Hún þakkaði hlýlega fyrir sig, gamla konan, tók þakkann. – En fólk sá brátt að þetta var tilgangslaut því venjulega skildi hún þakkann eftir einhversstaðar á leið sinni um þorpið og gjöfin kom því að litlu haldi.

Aldrei vissu menn til þess að hún Bjagga gamla hleypti neinum inn í kofann sinn. Hún hafði hlaðið nokkurskonar garð umhverfis kofann, tínt steina upp úr fjörunni og hlaðið upp með veggjunum. Líklega hefur þetta átt að vera til skjóls. Menn undruðust hvernig hún fór að því að lifa í þessum gisna timburskúr úpphituðum.

Menn spurðu stundum: Er ekki ansi kalt í skúrnum þínum, Bjagga mín? Vantar þig ekki kol? Á ég ekki að gefa þér kolablað? – Nei Bjagga gamla sagði að það væri ekki neitt kalt. Hún ætti nóg í eldinn. Ef hún var spurð hvar hún fengi eldsneyti fór hún undan í flæmingi. – Það þýddi eiginlega ekki að spyrja hana Bjöggu að neinu. Hún hafði eitthvert undarlegt lag á að fara undan í flæmingi, svo ekkert var á svörum hennar að græða. – Hvort hún var greind eða ógreind, var eiginlega ekki gott að segja. Hún var svo ótrúlega lokuð og innibyrð. Ef menn spurðu hana t.d. hvað hún væri gömul, sagði hún venjulega: „Ég er orðin ansi gömul.“ Ef spurt var: „Ertu orðin sjötug?“ sagði hún: „Já, já, ég er orðin sjötug.“ Hún svaraði á sama hátt, þótt spurt væri hvort hún væri orðin sextug. Ég hygg hún hafi vel vitað hve gömul hún var. Hitt var annað mál, henni fannst að fólk varðaði ekki neitt um þetta. Það kæmi henni einni við. –Ef menn ætluðu að grennslast eitthvað um lífshlaup hennar, var það alveg eins. Ef spurt var hvar hún hefði alist upp, svaraði hún venjulega: „Ég ólst upp í sveit.“ Hvar? Langt í burtu. Já, hvar hún hefði verið? „Ég hef verið víða.“ Varstu inni í Djúpi? „Já, ég var inni í Djúpi“. Varstu þar lengi? „Já ég var þar lengi. Ég var þar ansi lengi“. Sem sagt, Bjagga gerði sig að hálfgerðum kjána til að komast hjá nærgöngulum spurningum. Hún vildi aldrei láta spyrja sig að neinu, sem snerti hana sjálfa. Um fortíð sína var hún þögl ein og gröfin. Stundum gátu hrokkið út úr henni meinlegar setningar, sem bentu til allgóðrar greindar. Það gat komið fyrir að hún Bjagga yrði heiftuðug, einkum ef krakkarnir urðu of nærgöngulir við kofann hennar á síðkvöldum og voru að kíkja á gluggann hjá henni. Annars var hún dagfarsprúð.

Þannig var nú lífið hennar Bjöggu gömlu. – Á sífelldu ferðalagi með vatnsföturnar og berann – burðartréð. Þau áhöld skildi hún

aldrei við sig, – enda þau tæki sem hún mátti síst án vera.

Ár eftir ár kom hún inn í sömu húsin, skilaði sama vatnsskammtinum, drakk sinn kaffiskammt og talaði við sama fólkið. — Þrátt fyrir löng kynni þekkti fólkið hana sáralítið, – vissi nánast sára lítið hvað drifið hafði á daga þessarar sérkennilegu, dulu og ómannblendnu manneskju.

Og árin liðu. Ellin setti sitt mark á hana Bjöggu gömlu, eins og alla sem háum aldri ná. Henni varð þyngra um gang, og vatnsföturnar sigu meira í, en gert hafði meðan hún var yngri. Það var auðséð að hún átti erfiðara með burðinn en áður var. – En ekki kvartaði hún.

Það var venja í þorpinu að halda einn skemmtifund á ári fyrir gamla fólkið. Í daglegu tali nefnd Gamalmennaskemmtunin. Á þessa skemmtun fékkst hún Bjagga gamla aldrei til að koma. Einangrun hennar varð ekki rofin. Það var fátt um tilbreytingar í lífi hennar. Þó var eitt, sem hún virtist njóta og vanrækti aldrei. Hún sótti flestar jarðarfarir í þorpinu. „Það verður nú í seinna lagi sem ég kem með vatnið núna,“ sagði hún stundum. „Ég ætla að skreppa til jarðarfarar að gamni mínu.“ Eins og hún orðaði það gamla konan. Þetta þótti nú sumum alleinkennilega til orða tekið. En kannski hefur nú gömlu konunni fundist þetta tilbreyting, sem lífgaði upp hennar fábreytta líf.

En svo fór þrekið að bila. Hún hætti að koma reglulega með vatnið í húsin, og suma dagana kom hún alls ekki. „Varstu eitthvað lasin í gær, Bjagga mín?“ spurði fólkið. Nei, nei, hún sagðist ekki hafa verið neitt lasin. „Ég var eitthvað sein fyrir,“ sagði hún.

En svo hætti hún að koma. Þetta þótti öruggt merki þess, að gamla konan væri meira en lítið lasin. Þótt hún fengist ekki til að viðurkenna það, eða segja neinum frá því. En brátt urðu menn vissir um að gamla konan væri sjúk. Var nú oddvitnum tilkynnt þetta, og að einhverra aðgjörða væri þörf. – Var nú farið inn að kofanum hennar Bjöggu gömlu. En hún gegndi ekki, þótt knúid væri dyra. Varð nú að stinga upp dyrnar. Þar var ömurlegt um að litast. Gamla konan lá þar í fatahrúgu á gólfinu.



Það var auðséð að hún var orðin fársjúk. Var henni nú sagt að barna gæti hún nú ekki verið eins og hún væri á sig komin. Hún andmælti og sagðist ekki vilja fara neitt. Kofinn var hennar heimur, þrátt fyrir allan nóturleikann. – Hún lét sig þó brátt og var studd út í bílinn og flutt á sjúkrahús. – Þar lést hún skömmu síðar.

Þegar farið var að þrifa til í kofanum og moka út ruslinu, fannst þó nokkuð af peningum innan um fatahrúgur og annað rusl. Sumir peningarnir voru orðnir svo gamlir, að þeir voru fallnir úr gildi. Hún hafði aldrei keypt neitt fyrir peningana, sem henni voru fengnir.

Bjagga var orðin gömul manneskja, er ég sá hana fyrst. Þrátt fyrir tötralegan klæðnað hennar, og að hún var lítt snyrtileg, var þó auðséð að hún mundi hafa verið lagleg á yngri árum.

En hver var í raun og veru saga hennar? Og hvers vegna varð hún svona einmana og einræn? – Um það vissu víst fáir. Hún minntist aldrei einu orði á fortíð sína. [...]

Gömul kona, sem þekkti til Bjöggu frá fyrri árum hennar, sagði mér: „Já, hún varð nú fyrir hnjaski er hún var ung. Og kannski hefur hún aldrei beðið þess bætur. Hún eignaðist barn með syni stórbónda. Hún var vinnukona á bænum. Þetta þótti vitanlega mikil hneisa. Barninu var komið fyrir á bæ í annarri sveit og Bjagga látin fara í burtu. Um tilfinningar hennar var ekki spurt. Þannig var nú lífið í þá daga.“

Guðfinna M. Hreiðarsdóttir

Heimildir:

Ágúst Vigfússon: *Mörg eru geðguma*. Sagt frá samtíðarmönnum. Reykjavík 1976.

Ágúst Vigfússon: „Hún Bjagga gamla“. *Réttur*, 1. hefti 1986, 69. árg, bls. 55-61.

Ágúst Vigfússon: „Vatnsberinn. Svipmynd af einni af hinum nafnlausu hetjum hversdagslífsins“. *Lesbók Morgunblaðsins* 2. maí 1976, bls. 7 og 14.

Jón Þ. Þór: *Saga Bolungarvíkur*. Fyrsta bindi. Frá landnámi til 1920. Ísafirði 2005.

Morgunblaðið 14. ágúst 1941, bls. 4.

Sóknarmannatöl og prestþjónustubækur Ögursóknar, Eyrarsóknar og Hólssóknar.

NÝ BJÖRGUNARSKIP OG BÁTUR TIL NORÐURSVÆÐISINS

Tvö ný björgunarskip eru komin til Bolungarvíkur og Ísafjarðar.

Björgunarsveitin Ernis í Bolungarvík var að svipast um eftir báti til kaups og þegar Björgunarsveitin Ársæll í Reykjavík vildi óvænt selja einn af sínum bátum var ákveðið að kaupa hann.

Þegar báturinn var kominn til Bolungarvíkur hafði styrktaraðili samband sem vildi styrkja kaupin en þar sem búið var að greiða bátinn var það niðurstaðan að styrktaraðilinn endurnýjaði tvær vélar bátsins. Þegar þetta er ritað er unnið að niðursetningu þeirra.

Báturinn hefur ekki hlotið nafn en mun fá nafn sitt á allra næstu dögum og hann er til viðbótar við Gísla Hjaltason sem sveitin hefur notað í útköllum.



Báturinn er með tveimur svokölluðum þotu-drifum og kemur upphaflega frá Noregi þar sem hann var gerður út frá Osló. Hann er 6 brúttótonn og er smíðaður úr áli árið 1997 en yfirfarinn og breyttur 2005.

„Við vonumst til þess að bæta öryggi sjómanna við Djúp með kaupunum. Til þess er leikurinn gerður“ segir Sigurjón Sveinsson, formaður björgunarsveitarinnar Ernis í Bolungarvík.

Þá hefur Slysavarnarfélagið Landsbjörg keypt björgunarskip sem á að leysa björgunarskipið Gunnar Friðriksson á Ísafirði af hólmi. Nýja skipið er mun hraðskreiðara og nær 25 sjómílum á klukkustund í stað 16-17 sjómílna sem kemur til með að stytta viðbragðstíma útkalla.

Nýja skipið verður nefnt eftir fræknum björgunarmanni við Ísafjarðardjúp, Gísla Jónssyni en Gísli leiddi björgunarmenn frá

Hesteyri árið 1955 að togaranum Agli Rauða í aftakaveðri með björgunarbúnað þar sem sextán af skipverjum togarans var bjargað í land við afar erfiðar aðstæður. Skipið er líka norskt og hét áður RS Skuld.

Þá hefur Björgunarsveitin Tindar í Hnífsdal einnig nýverið endurnýjað harðbotna björgunarbát.



HRUND KARLSDÓTTIR

FORMAÐUR VERKALÝÐSFÉLAGSINS

Verkalýðsfélag Bolungarvíkur hefur verið starfandi frá 27. maí 1931 en þann 9. febrúar 1937 var stofnuð sjómannaeyðild innan félagsins og þá var nafninu breytt í Verkalýðs- og sjómannaeyðild Bolungarvíkur. Undirbúningur að stofnun félagsins annaðist Hannibal Valdimarsson. Félagið stóð fyrir stofnun Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur þann 1. janúar 1970.

Forverar núverandi félags eru þrjú félög. Fyrsta verkamannafélagið í Bolungarvík var stofnað 26. febrúar 1917 en stofnandi þess var Pétur G. Guðmundsson. Pétur flutti brott sama ár og félagið lognaðist útaf. Næst var stofnað Verkalýðsfélag Bolungarvíkur með 78 stofnfélaga. Aðalhvatamaður að stofnun þess var Björn Blöndal Jónsson. Félagið starfaði til ársins 1928. Þann 17. nóvember 1927 var sjómannaeyðilið Röst stofnað sem stafaði í nokkur ár áður en það lagðist af. Það félag stóð fyrir fyrsta kappbeitingarmóti sem haldið var í Bolungarvík 27. apríl 1929.

Á skrifstofu Verkalýðs- og sjómannaeyðils Bolungarvíkur hitti undirritaður fyrir Hrund Karlsdóttir, núverandi formann félagsins.

Hvaðan kemur þú Hrund?

Ég er Bolvíkingur í húð og hár og hef lengst af búið hér. Það er gaman að segja frá því að afi minn, Sævar Guðmundsson, var gjaldkeri félagsins um tíma, og ég hef hér í höndunum félagaskírteini þar sem hann kvittar fyrir móttöku félagsgjalds eins félaga. Í þá daga gengu menn í hús og rukkuðu félagsgjöldin en nú fer þetta allt fram í gegnum bankann.

Hvaða stöðu hefur þú í félaginu?

Ég er formaður félagsins, sú níunda í röðinni frá upphafi, og fyrsti kvenkyns formaður félagsins.

Hvað eru margir félagsmenn og hvernig er atvinnuþátttakan í Bolungarvík?

Félagsmenn eru um 300 talsins en þeim



fjölgar yfirleitt á sumrin og fækkar aftur á veturna. Atvinnuþátttakan er mjög góð hér og lítið um atvinnuleysi og áföll fátíð síðustu árin í atvinnulífinu, sem betur fer, en félagssvæði félagsins er bundið við Bolungarvík.

Hver eru samskipti félagsmanna á eftirlaunum við félagið?

Við höldum uppi lágmarkssamskiptum við félagsmenn eftir að þeir fara á eftirlaun. Einnig geta þeir nýtt sér áfram þá orlofsþjónustu sem félagið hefur upp á að bjóða.

Hvernig var vinnan við síðustu kjarasamninga?

Það var mjög skemmtilegt að koma að gerð síðustu kjarasamninga sem eru fyrstu kjarasamningarnir mínir. Við samningaborðið hjá ríkissáttasemjara voru allir formenn Starfsgreinasamband Íslands ásamt mér og fulltrúum vinnuveitenda. Fundir fóru fram með reglulegu millibili og við vorum farin að sjá fram á samning sem hefði skilað fiskvinnslufólki á milli 400-500 þúsund krónum í laun í dag sem er meira en varð svo niðurstaðan með lífskjarasamningunum. Sá samningur hefði

því skilað meira í grunnhækkun launa á samningstímanum. Þá gerist það að boðaður er neyðarfundur og öllum var uppálagt að mæta kl.10 daginn eftir hjá ríkissáttasemjara, hvar sem þeir voru staddir, hvort sem það var upp á hálendinu eða út í Bolungarvík, eins og ég var, og ég mátti haska mér suður að ná fundi. Þrem dögum síðar var búið að skrifa undir lífskjarasamningana. Ég átta mig ekki á því hver hvatinn var að þessum neyðarfundum á þessum tíma, því við vorum komin með betri samning á borðið en lífskjarasamningana fyrir þennan neyðarfund.

Hafa samningarnir verið samþykktir af félaginu?

Já, þeir voru samþykktir af félagsmönnum. Kjörsókn var 20% og af þeim voru 69% fylgjandi samningunum og 28% á móti en 3% tóku ekki afstöðu.

Hvernig metur þú að þessir kjarasamningar haldi?

Ég vona auðvitað það besta og við tryggðum okkur með því að geta sagt samningum upp eftir árið, en það er augljóst að hækkanir á vöru og þjónustu eru byrjaðar, því miður. Alþýðusamband Íslands hefur sett upp hópssíðu á Facebook.com, Vertu á verði - eftirlit með verðlagi, þar sem félagsmenn og aðrir geta fylgst með verðlagi frá hendi neytendanna sjálfra og annarra félagsmanna verkalýðsfélaganna. Með því að skrá sig í hópinn getur hver sem er sett inn upplýsingar um verðhækkanir og -lækkanir auðvitað líka. Það er áhugavert að fylgjast með þessari síðu og stundum eru hreint ótrúlegar hækkanir á verðminni vöru og þjónustu sem í sumum tilfellum hlaupa á tugum og jafnvel hundruðum prósentu svo það er óskiljanlegt!

Hvernig er staða beitningar í landi?

Við erum núna að vinna að samningum við útgerðarmenn um beitningu. Það eru Grindavík, Sandgerði, Snæfellsnes, við og Verkalýðsfélag Vestfjarða. Það er spurning



hvernig því máli vindur fram en þróunin hefur verið sú að beitningar eru að verða meira og meira vélvæddar sem þýðir að störfum við beitningu fækkar. Þannig hefur þróunin verið á öllum stöðunum nema að einn útgerðaraðili á Snæfellsnesi hefur viljað halda í landbeitninguna. Annars er þetta þróun sem við höfum takmörkuð áhrif á.

Hvernig ganga samskiptin við útgerðina?

Þau ganga yfirleitt vel og eðlilega fyrir sig. Báðir aðilar viðurkenna hvorn annan og vilja eiga heilbrigð samskipti. Auðvitað geta komið upp erfið mál en það er við því að búast.

Er öðruvísi fyrir konu að vera formaður en karl?

Ég hef ekki upplifað það í starfinu en ég tók við sem formaður 19. júní 2017. Ég hef ekki

upplifað annað en það sem má kalla eðlileg samskipti við útgerðina sem og aðra aðila og félagsmenn.

Þú hefur ekki þurft að sitja undir ítarlegum karlskýringum?

Nei, ég hef alveg sloppið við það, segir Hrund og hlær.

Hefur félagið komið að Sjómannadegi Bolungarvíkur?

Það er ekki beinlínis hægt að segja það en auðvitað voru það félagsmenn okkar sem stóðu lengst af fyrir Sjómannadegi Bolungarvíkur þótt þeir hafi ekki gert það gegnum félagið. Sjómannadagurinn hefur alltaf markað stór tímamót í Bolungarvík og alltaf gaman þegar vel tekst til með hann. Ég man þegar ég var að alast upp þá vorum við krakkarnir

svo til ein í fiskvinnslunni mánudaginn eftir sjómannadag en þá var fólkinu sem var að skemmta sér á sjómannadagsballinu gefið frí daginn eftir. Þá má vel segja að mánudaginn eftir sjómannadag hafi frystihúsið verið krakkavinnustaður og svo fengum við vinnu þar áfram út sumarið.

Viltu hafa einhver lokaorð?

Ég óska Bolvíkingum til hamingju með 80 ára afmæli Sjómannadags Bolungarvíkur fyrir hönd félagsins og vona að okkur farnist vel í framtíðinni.

Helgi Hjálmtýsson

Gleðilega hátíð

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000





SJÓMENN GERAST BÆNDUR

Hér er prentuð frásögn Jónasar Halldórssonar (1912-1995) af því þegar hann og Sigurður Guðbjartsson (1913-1995) kaupa jörðina Minni-bakka í Skálavík sem verður til þess að þeir taka upp búskap í Skálavík. Báðir voru þeir sjómenn og formenn í Bolungarvík á þeim tíma. Sigurður bjó að Breiðabóli í Skálavík frá 1943 til 1946 en Jónas á Minni-Bakka frá 1942 til 1964. Jónas ritar frásögnina í Bolungarvík í febrúar 1989. Björgvin Bjarnason skrifaði upp til prentunar.

Skálavík heitir víkin yst og vestan við Ísafjarðardjúp. Skálavík ytri er hún nefnd til aðgreiningar frá annarri með sama nafni inn í Ísafjarðardjúpi. Það sem hér verður sagt um Skálavík á við þá ytri nema annars sé getið. Skálavík gengur inn í vestfirska hálandið á milli Öskubaks að vestan og Stigahlíðarenda að austan. Fátt veit ég sagt um þessa vík frá fyrri öldum utan það sem segir í Landnámu, að Hallvarður súgandi nam Súgandafjörð, Keflavík og Skálavík að Stiga og bjó þar.



Jónas Halldórsson og Sigríður Magnúsdóttir kona hans í Skálavík.
Ljósmynd: Gunnar Hallsson.

Skálavík er lítil vík, kannski um þrjú kílómetrar, sjávarlínan frá Öskubaksófaru að Stigahlíðarenda og er lítið vogskorin enda brimasöm. Víkin gæti dregið nafn sitt af skálamynduðum lægðum sem víða eru í fjallahringnum og heita Minnibakkaskál, Breiðabólsskál, Lambaskál, Kroppsstaðaskál, Heimriskál og Ytriskál. Skálavík hefur ef til vill ekki þótt lakari til búsetu en ýmsir aðrir staðir,

þar var örstutt á fengsæl fiskimið og grösug og velgróin vík, gott beitjarland. Um Skálavík á fyrri öldum veit ég svo til ekkert enda hygg ég lítið um hana skrifað eins og fleiri afskekktu staði á landinu. Í lítilli vík spölkorn fyrir vestan áður nefnda Öskubaksófaru er vík sem Mölvík heitir. Þar eru landamerki milli Norður og Vestur-Ísafjarðarsýslu, en spölkorn fyrir innan Sigahlíðarenda er einnig vík sem Gunnarsvík heitir, þar eru landamerki milli Skálavíkur og Bolungarvíkur. Skálavík er fjöllum gyrt á þrjú vegu en opin móti norðri og því oft stormasamt í norðanátt. Fyrir botni vikurinnar er allmyndarlegt fjall sem Deilir heitir, skiptir það framhluta vikurinnar milli tveggja dalverpa sem ganga fram í víkurbotninn. Heitir hinn vestari Hraunsdalur en hinn austari Breiðabólssdalur og nær hann að Skálavíkurheiði. Og mun leiðin frá sjó og fram að heiði vera um sex kílómetrar og einum til tveimur kílómetrum lengra fram í hinn dalbotninn. Niður undan fjallinu Deilir gengur allmikill urðarhryggur sem nær alllangt ofan í víkina og heitir sá hryggur Hraunagarður. Er álitíð að hann sé leifar frá ísöld, þegar ísaldarjökullinn var að skríða niður dalverpin þá hafi hann rutt frá sér á báða vegu og skilið þennan urðarhrygg eftir. Smá ár renna niður bæði dalverpin og sameinast við svokallaðan Hraunagarðsenda og falla sameinaðar til sjávar og heitir þá Langá, þóttu að henni nokkur hlunnindi áður fyrr sem góðri veiði á, en nú mun minkurinn búinn að sjá fyrir þeim hlunnindum.

Efalaust hefur búseta verið í Skálavík um langan aldur þó ég þekki þar lítið til. Elstu minjar sem ég hef fundið er peningur sem fannst í tóftarbroti og er frá 1677 geymdur í Byggðasafni Ísafjarðar. Annað sem mér finnst benda á gamla byggð í Skálavík eru sjóbúðartóftirnar sem enn sést vel fyrir út eftir sjávarbökkunum austan til í víkinni, hefur þar efalaust verið mikið um sjósókn á fyrri öldum. Það lítið sem ég veit um búsetu og mannlíf er mjög takmarkað, helst um og eftir aldamót og hef ég það eftir gömlu fólki sem þar hafði verið og þekkti vel til. Geta má þess

að nokkrir kvarnarsteinar hafa verið þar á flækingsi en ekki veit ég frá hvaða tíma þeir gætu verið. Í Skálavík eru sex aðaljarðir og þær heita Minnibakki, Breiðaból að austanverðu en að vestanverðu Meiribakki, Kroppstaðir eða Krofstaðir, Minnahraun og Meirahraun neðst í mynni Hraunsdals. Ég hef það eftir gömlu fólki að um og fyrir aldamótin síðustu hafi verið milli 90 og 100 manns heimilisfast í Skálavík. Þessi mannfjöldi í Skálavík mun vera þannig tilkomin að fyrr á tímum hafi ýmsir einstaklingar keypt sér jarðarluta úr ýmsum jörðum þarna og fengið útmæld tún og engjabletti og byggt þar yfir sig og komið sér upp einhverjum skepnum og stundað sjóróðra með. Öll voru þessi býli með nöfnum og langar mig til að telja þau upp eins og mér hefur verið sagt til þeirra. Fyrst tel ég upp nöfnin á Meiribakka, það er t.d. Hjallholt, Grundarbær, Hreggnasi, Gvendarbær og Hólbær, á Breiðabóli, Hærribær, Móhús, Skennubær, Hólbær, Neðribær og Arabær. Hærribær og Arabær fóru undir snjóflóð 1910. Á Minnibakka var um tíma þrjú býli. Á fremri bænum var talið að hafi verið einbýli. Þarna voru upp talin 15-16 býli. Efalaust hefur þarna verið smátt búið bæði vegna landþrengsla og þess að sjór mun að öllu jöfnu hafa verið mikið sóttur, jafnvel nær aðalatvinna sumra íbúanna. Mér var sagt af hálfniræðum manni sem ólst þar upp að um og fyrir síðustu aldamót hafi Ásgeirsverslun á Ísafirði átt bæði fiskmóttökúhús og salthús í Skálavík og látið taka þar á móti fiski og Ásgeir litli sem sú verslun átti verið látin flytja fisk salt og vörur til Skálavíkinga. Einnig að þar hafi verið þurrkaður fiskur á sumrin. Þessi sami maður sagði mér að hann vissi til að tveir sexæringar og eitt fimmmannafar hefðu verið gerð þaðan út. Fyrir utan smærri báta sem hefðu verið notaðir á sumrin til að skreppa á, til að fá sér í soðið. Heyrt hef ég um mikið meiri útgerð fyrr á tímum en veit engar sönnur á því. Eitthvað fer fólki að fækka eftir aldamótin og þá frekar eftir að vélbátarnir komu til sögunnar. Þótti mörgum gott að geta lagt árnar til hliðar í barningi til lands eins og oft var. Það kom fyrir að Bolvíkingar yrðu að hleypa til Skálavíkur þegar suðaustan



veður voru svo hörð að Bolvíkingar drógu ekki inn með Stigahlíðinni, enda voru þá til í Skálavík varaspil til að hífa upp báta sem þurftu að hleypa þangað undan illviðrum. Ekki veit ég til að alvarleg slys hafi orðið á mönnum í þessum tilfellum þó oft hafi munað mjóu. Skipsströnd hafa hér orði tvo það ég veit um. Þýski togarinn Henry Newmann strandaði 9. október 1924 við Meiribakkasand, í náttmyrkri og stórsjó. Mannbjörg varð fyrir atorku og dugnað Skálvíkinga. Hitt strandið var veturinn 1940 þegar Ísborgin frá Ísafirði strandaði við svonefnda Deilislögu. Komu skipverjar lífbátum á flot og komust þeir allir í hann og lentu heilu og höldnu á sandinum niður undan Minnibakkabænum og björguðust allir. Á var suðaustan hvassviðri og þreifandi bylur. Svo víða hefur verið sagt frá þessum skipsströndum að ég rek þau ekki hér. Annað áfall sem búsetan í Skálavík fékk var snjóflóðið sem kom veturinn 1910 en þá fóru tvö býli undir snjóflóðið og fjórir fórust. Eftir þennan atburð hefur gamalt fólk sagt mér að þá fyrst hafi farið að fækka verulega fólki, þannig að um 1930 voru ekki nema fjögur býli í byggð en það eru Meiribakki, Minnibakki, Breiðaból og Meirahraun og einbýli á hverri jörð. Meirahraun fer svo í eyði 1936.

Um 1940 er svo auglýst til sölu jörðin Minnibakki og ekki man ég nú lengur dag eða stund þegar við tveir formenn í Bolungarvík hittumst og tókum tal saman um þessa jarðasölu og það tal endaði með því að við ákváðum að kaupa þessa jörð, bara til að eiga fast land undir fæti og leigja áfram bóndanum sem þar bjó, ef hann vildi, sem og varð. En bóndinn var Eggert Lárusson og sameignarmaður minn að jörðinni var Sigurður Guðbjartsson formaður í Bolungarvík. Hann var uppallinn í Skálavík og þekkti þar vel til. Ekki leið langur tími þar til við fáum bréf frá bóndanum Eggert um að hann vilji kaupa jörðina á sama verði og við höfðum keypt hana á. Við ræddum þetta mál og kom saman um að selja ekki jörðina að svo stöddu. Um haustið nokkru fyrir jól 1941 fáum við svo annað bréf frá Eggert þar sem hann segir upp jarðnæðinu frá næstu fardögum vorið 1942 og við því höfðum við ekkert að segja. Leið svo tíminn fram eftir vetri 1942 að þá er okkur boðin til kaups sá hluti jarðarinnar Breiðaból sem búið



Skálavík. Ljósmynd: Hafþór Gunnarsson

er á. Nú fór að færast alvara í þessi jarðar kaup okkar því ekkert var ráðgert um búskap þegar jörðin var keypt. En tregfiski undanfarinna ára hafði fengið mann til að hugsa margt um hvernig maður ætti helst að reyna að hafa í sig og á. Ég var þá kominn með heimili og þrjú smábörn og mig langaði að sjá mínu heimili farborða eins og aðrir, en hvort búskapur væri rétta leiðin það var ég ekki viss um því ég hafði þar enga reynslu og sáralitla eða enga þekkingu. Við Sigurður ræddum þessi mál næstu mánuðina og þar sem okkur þóttu þessi jarðar kaup hagstæð og einnig væntanleg skepnukaup þá ákváðum við að kaupa jörðin saman eins og hina, um skepnukaup ákváðum við að það mundi þó ekki gerast fyrir en með vorinu. Það var svo ákveðið hjá okkur Sigurði að snúa við blaði með vorinu og fara að búa, Sigurður á Breiðabóli en ég á Minnibakka. Og það flaug fiskisagan og þótti mikil frétt að tveir ungir menn úr formannastétt ætluðu að taka sig upp og fara að búa í Skálavík þar sem allt væri að flosna upp. Og það var mikið rætt um þetta í þorpinu okkar næstu vikurnar, og dómur féllu fljótlega, flestum leyst vel á Sigurð sem bóndaefni, bæði var hann að miklu leyti alinn upp í Skálavík og því vanur umgangi við skepnur, öðru máli var að gegna með mig, ég var með öllu óvanur búskap þó ég hefði átt nokkrar kindur sem ég sinnti þó sáralítið um. Var sú þekking varla til þess að fara að búa með, enda var líka illa spáð fyrir mér með þessa bólvaða vitleysu í mér að ætla að fara að búa. Hann verður varla lengur en árið ef hann hangir þá svo lengi sagði fólk og

ýmsir kunningjar mínir tóku mig tali einslega til að telja mig ofan af þessari vitleysu og í raun fann ég það svona innra með mér að þetta var að mörgu leyti rétt, en mér fannst ég vera komin of langt til þess að hætta við það, einhver þrái í mig kominn. Ég orðlengi svo ekki frekar um þetta mál, en á fardögum vorið 1942 fluttum við Sigurður Guðbjartsson til Skálavíkur í bliðskapar veðri og allt gekk vel með flutninginn og þar með vorum við taldir bændur á áður nefndum jörðum. Og eftir að hafa skoðað húsakynni manna og dýra gaumgæfilega þá satt að segja leist mér ekki á. Yrði ég nokkurn tíma maður til að lyfta því grettistaki að búa þokkalega að mönnum og skepnum? Mér var oft þessa fyrstu daga hugsað til fólksins sem reyndi að telja mig á að hætta þessari vitleysu, en nú var það orðið of seint og ég held að ég hafi ekki hugsað um þessa vanmetakennd. Ég hlýti að geta dregið fram lífið á þessari atvinnu eins og aðrir ef ég hefði heilsu.

Þegar við komum til Skálavíkur var vegur út á innri Heiðarrönd eða tæplega hálfa leið til Skálavíkur. Unnið var við þennan veg að sumrinu smáspotta í einu og var þessi vegagerð unnin á frumstæðan hátt, mest með skóflu og haka og ofaniburður keyrður á hestakerru fyrstu árin. Var þetta nokkurskonar atvinnubótavinna, því þegar sumarvinna brást hjá mönnum svo sem á síldveiðum þá fjölmenntu menn í vinnu í Skálavíkurveginum til að vinna af sér gjöldin og þótti gott. Og það gekk nokkuð seint yfir heiðina og um 1950



var vegurinn kominn niður í miðja heiðina að utanverðu en þá komu jarðýrtunarnar til sögunnar og þá fór að ganga betur vegagerðin og 1951 var rispað fyrir vegi niður að Hraunagarðsenda og það haust fékk ég úthlutuðum jeppabil, komst eina ferð á honum út á vegarenda og varð svo að geyma hann inni í Bolungarvík um veturinn. Næsta sumar komst ég á honum alla leið heim það var þó yfir vegleysur að brjótast, eins og næstu árin.

Um búskapinn er það að segja að hann gekk erfiðlega, tækin voru orfið, ljárinn og hrífan og klyfberinn en hestakerru fékk ég með hestinum sem ég keypti. Búpeningur minn var fyrsta árið 50-60 kindur, ein kýr og tveir hestar og svo varð ég svo til heylaus fyrir þennan búpening. Svona var þetta fyrstu árin, búið stækkaði lítið en ég varð aldrei heylaus síðan. Fjöruskjögur í lömbum var nokkuð ríkjandi fyrstu árin og var kennt um mikilli fjörubeit síðari hluta vetrar. Þessi kvilli lagðist þó af eftir að ræktun túna fór að gæta verulega og hægt var að gefa fénu meiri töðu. Þá fóru líka búin að stækka og afkoman batnandi en það kallaði á auknar byggingar og við því var reynt að bregðast. Árið 1955 kom svo skurðgrafan til sögunnar til að þurrka mýrlendið, því fylgdi aukin ræktun og kaup á vélum og verkfærum. Við kepptum að því að ná þessari svokölluðu meðal bústærð en það náðist víst aldrei alveg. Við seldum mjólk í nokkur sumur, vorum með 3-4 kýr á hverjum bæ og fluttum mjólkina í félagi. Ekki þótti okkur þetta borga sig þegar til lengdar lét og hættum þessu eftir 2-3 sumur og jukum þá heldur við sauðféð. Og frá því um og eftir miðjan sjötta áratuginn og þar til hætt var búskap í Skálavík held ég að ég hafi verið með stærsta búið á einbýlisjörð frá upphafi, ég hafði mest á milli 240-250 fjár, 3-4 nautgripi og þrjá hesta enda taldist mér til að hefyngur væri um 600 hestburðir. Á hinum bæjunum var nokkru minni bústofn en þar höfðu menn þó verulega aukið við sig seinni árin.

Sigurður bjó stutt á Breiðabóli, 2-3 ár en þá fluttu til hans tengdforeldrar hans, Bæring Einarsson og kona hans sem voru þá að hætta búskap norður í Jökulfjörðum. Þau voru þar stuttan tíma því árið 1947 kemur nýr bóndi á Breiðaból, Pétur Jónsson og kona hans Fjóla Ólafsdóttir, þau búa einnig í stuttan tíma,

flytja haustið 1949 inn í Þjóðólfstungu og búa þar um tíma en flytja svo þaðan í Meirihlíð. Síðasti bóndinn sem flytur í Skálavík er Kristján Guðbjartsson og kona hans Þórey, það mun hafa verið árið 1950 og þar búa þau til ársins 1962. Þegar þar var komið sögu voru börn mín vaxin úr grasi og farin að mestu að heiman og við hjónin orðin tvö eftir. Þá fundust okkur veturnir orðnir langir og erfiðir bæði með smalamennsku og önnur verk. Á Meiribakka bjuggu þá Páll Pálsson og Sigurður fósturbróðir hans. Margt hafði gerst okkur til hagsbóta síðustu árin. Um 1946 fengum við talstöð til afnota fyrir forgöngu þeirra þingmannanna Sigurðar Bjarnasonar og Hannibals Valdimarssonar og kom hún að góðum notum. Þá voru komnar talstöðvar í Galtarvita, Vigur, Kvíar, Reykjafjörð og Hornbjargsvita og gátum við þá haft samband okkar á milli og auk þess við símstöðina í Bolungarvík. Kom þetta samband okkur að miklum notum í sambandi við flutninga til okkar frá Bolungarvík. Einnig var ánægjulegt að geta haft samband við skip á hafinu og var það oft svo í vondum veðrum að við bárum skilaboð frá skipunum til Ísafjarðar þegar illa heyrðist. Auk þess var gaman að geta haft samband milli stöðvanna það stytta oft löng vetrarkvöld. Svo var það 1956 að sími var lagður til Skálavíkur, hann virtist flytja okkur hálfra leið til þéttbýlisins svo þægilegur þótti hann, en þótt þessi þægindi væru nú til okkar komin breyttu þau engu um að það mundi stytta þar til við myndum hætta búskap. Eins og áður sagði hætti Kristján búskap 1962 og var ég þá orðinn fimmtugur og börnin uppkomin og að mestu farin að heiman. Einnig var það svo að hjónin á Meiribakka voru bæði látin og óvíst hvað sú jörð yrði setin lengi. Ein spáin um okkur var sú að þegar vegurinn yrði kominn alla leið til okkar að þá mundum við flytja á bíl til baka. Það var rétt að vegurinn hafði batnað svo að við gátum flutt að okkur og frá það sem þurfti og var það mikil breyting til batnaðar. Ég þóttist sjá að það yrði erfitt hjá okkur hjónunum að eiga við búskap öllu lengur og væri því best að fara að hætta og koma sér í einhverja vinnu sem hentaði betur. Við vorum hættir að geta skroppið á sjó, við réðum ekki við bát í lendingu. Að öðru leyti gekk búskapurinn vel, afkoman var sæmileg og skepnuhöld góð síðustu árin. Það var því

erfið ákvörðun að hætta þegar ég var búinn að rækta jörðina vel, sléttunarnar og graslendi innan girðingar orðnir 20 hektarar og jörðin mjög þægileg í vinnslu svo slétt sem hún var og grasgefin. En allra daga koma kvöld og hér var það engin undantekning. Ég ákvað að hætta að miklu leyti sumarið 1963, seldi þá nautgripi sem ég átti, heyjaði þónokkuð af túninu, seldi síðan dráttarvél og verkfæri sem ég átti, fargaði öllum dilkum og nær helming af ám en rúmar 100 ær fékk ég þá Meiribakkamenn til að fódra um veturinn gegn því að ég sinnti fénu sjálfur um fengitíma og svo um sauðburð sem ég og gerði. Haustið 1964 seldi ég svo allar ærnar og fargaði öllum dilkum og flutti til Bolungavíkur. Þetta sama haust hættu þeir einnig Meiribakkamenn og þar með mátti segja að Skálavík væri komin í eyði. Og það flaug fiskisagan nú eins og þegar ég byrjaði búskapinn, nema nú voru allir stein hissa á því að ég skildi vera að hætta búskap, eins og ég hefði verið búinn að koma mér vel fyrir og mér gengi svo vel að búa. Já, svona er það, ég sá að mörgu leyti eftir að þurfa að hætta að búa en maður ræður ekki alltaf sínum næturstað.

Ég áleit sjálfur að ég hefði gert nokkuð rétt með að hætta á meðan ég var gjaldgengur í flesta vinnu eins og raunin varð á. Ég hef alltaf síðan haft næga vinnu þó að ég sé núna hættur að vinna að mestu enda bráðum 77 ára. En Skálavíkin hefur ekki fallið í gleymsku þó að hætt sé að búa þar. Mér fannst sjálfum löngu áður en ég hætti að búa, að ég sæi fyrir mér í þessari fögru og velgrónu vík sumardvalarstaði ungra og aldinna og mér finnst það mikil gæfa Bolvíkinga að eiga svona sumarfagra vík svona nálægt sér. Nú eru komnir þarna einir átta sumarbústaðir og eiga efalaust eftir að koma fleiri. Það virðast litlar líkur á að byggð risi aftur í Skálavík eins og nú lítur út í landbúnaðarmálum en þá er að nota landið sér til ánægju og skemmtunar eins og nú lítur út fyrir að gert verði næstu árin og áratuginna. Ég held að ég hafi þennan þátt þá ekki lengri um Skálavíkina þó ég viti enn margt ósagt um þessa fornu byggð á okkar fagra landi.

GLEÐILEGAN SJÓMANNADAG

VIÐ FÆRUM ÞÉR ORKUNA



ORKUBÚ VESTFJARÐA
Stakkanesi 1
400 Ísafirði

☎ 450 3211
☎ 456 3204

✉ orkubu@ov.is
🌐 www.ov.is



ORKUBÚ VESTFJARÐA



ÞURÍÐARDAGURINN

Í BOLUNGARVÍK

Þuríðardagurinn í Bolungarvík er orðinn árlegur viðburður til heiðurs landnámskonu Bolungarvíkur Þuríði sundafylli og öllum bolvískum konum eftir hennar dag. Dagurinn er haldinn fimmtudag fyrir sjómannadag til að minnst verka Þuríðar að seiða fiskinn í Djúpið sem hefur verið lífsbjörg Bolvíkinga og íbúa við Djúp allar götur síðan.

Hugmyndin að Þuríðardegi kom í framhaldi af því að við Soffía Vagnsdóttir stóðum fyrir söfnun á listaverki um Bjöggu vatnsbera í Bolungarvík eftir listakonuna Kjuregei Alexöndru Argunovu sem á uppruna sinn í Jakútíu, í Síberíu, en hún hafði búið í Bolungarvík í einn vetur og hrifist af sögu landnámskonunnar og Bjöggu vatnsbera. Á verkinu ber Bjöggu við með vatnsföturnar undir Þuríðarklettinum í Óshyrnu en þetta verk prýðir nú Félagsheimili Bolungarvíkur og er gjöf frá okkur konum sem fjármögnuðu kaupin. Meðal þess sem við gerðum var að efna til menningardagskrár í Bolungarvík þar sem við leiddum konur saman og lesnar voru upp sögur af Bjöggu og þessu starfi sem runnið hefur sitt skeið, vatnsberanum. Í samtali sem við áttum við konur í framhaldi kom í ljós að Bjagga hefði verið eins konar Strandakirkja Bolungarvíkur því að sjómenn hefðu heitið á hana ef þeir slyppu heilir úr lífsháská en svona merkilegar sögur eru hvergi skráðar. Það var mikil ánægja með þetta framtak okkar og í framhaldi ágerðist sú hugmynd hjá okkur að koma á Þuríðardegi og reyna að vekja athygli á sögu og framlagi kvenna. Við Soffía höfðum mörgum árum áður efnt til ráðstefnu sem bar yfirskriftina „Byr Þuríður í þér“ þar sem við reyndum að höfða til frumkvæðis ungra bolvískra kvenna og virkja þær til athafna. Á meðan sú ráðstefna stóð yfir fengum við m.a. ungar konur til að mála myndir af Þuríði eftir sögunni um hana og voru myndirnar síðan boðnar upp til kaups í lok ráðstefnu til að fjármagna ráðstefnuna og selja þannig afrakstur verkanna eins og landnámskonan forðum.

Við höfum lengi fagnað sjómannadeginum til heiðurs sjómönnum fyrstu helgina í júní. Okkur fannst að vel við hæfi að bæta einum degi við þá hátíð og tileinka hann landnámskonunni Þuríði sundafylli sem braust hingað til Íslands á fleyi sínu yfir hafið frá Hálogalandi í Noregi og nam hér land í Bolungarvík ásamt Völusteini syni sínum enda saga hennar nátengd



fiskveiðum og sjávarútvegi. Hún seiddi fiskinn í Kvíamið, var fyrsti formaðurinn og veiðileyfasalinn þar sem að hún seldi bændum við Djúp aðgang að miðunum. Frumkvæði hennar og kynngimögnun, réttisýni, áræðni, hugmyndaauðgi og viðskiptavit hefur og verið mörgum Bolvíkingnum fyrirmynd frá landnámi. Það er öllum nauðsynlegt að þekkja uppruna sinn og rætur. Bolvískt samfélag hefur þróast í aldanna rás og á sér merkilega sögu sem upphaflega er tengd landnámskonunni sem nam hér land fyrir rúmum þúsund árum. Í gegnum aldirnar hafa verið fræknir sjómenn, vinnusamar konur og barnmargar og glaðvær börn sem hafa skoppað um túnin, vaðið skaflana og hlaupið fjöruna. Við fengum Bolungarvíkina í arf til búsetu og áframhaldandi varðveislu og höfum því ríkar skyldur. Menningararfurinn er mikilvæg auðlind, við þurfum að þekkja sögu okkar, forfedra og mæðra og koma henni áfram til næstu kynslóða. Með Þuríðardeginum reynum við að draga fram sögu og frumkvæði og framlag núlifandi og genginna kvenna enda er dagurinn helgaður sögu og framlagi kvenna til atvinnulífs, menningar og samfélags í þeim tilgangi að draga fram þau áhrif sem konur í

Bolungarvík hafa haft á samfélag sitt og auk þess sem tilgangurinn er að Bolvíkingar og gestir komi saman og gleðjist hver með öðrum og minnst upphafs búsetu í Bolungarvík og landnámskonunnar.

Á fyrsta Þuríðardeginum sendi Guðrún Sigurbjörnsdóttir, brottfluttur Bolvíkingur, mér ljód sem hún hafði ort í tilefni dagsins og var það frumflutt við það tækifæri:

*Máttug af göldrum með eilífðarhjúp
mest allra kvenna í sögunni í dag.*

*Hún Kvíamið setti og seiddi í Djúp
stórfisk sem bjargaði bændanna hag.
Og bændurnir borguðu með kollóttri á
sem hún breytti í gull og kistuna setti.*

*Í Óshyrnu merki um tröllíð má sjá
í mögnuðum Þuríðarkletti.*

*Í minningu hennar við viljum nú fá
vel gerðar sögur af Bolvískum konum.*

*Sem dugnaðargenin gáfu sér frá
og geymast í dætrum og sonum.*

Soffía Vagnsdóttir hefur samið lag við þetta ljód og var það tekið upp í hljóðveri núna í vor fyrir komandi kynslóðir að læra og verður upptakan frumflutt á Þuríðardeginum í ár. Við munum einnig fá ýmis áhugaverð erindi sem tengjast bæði sögu, nútíð og framtíð því við fáum erindi um bolvískar konur fyrri tíma, sögur af framlagi kvenna nútímans og það verður erindi um framtíðina auk annarrar fræðslu og tónlistaratriða frá Tónlistarskóla Bolungarvíkur. Dagskrána er að finna undir Þuríðardagurinn á samfélagsíðunni Facebook.com og eru allir velkomnir.

Guðrún Stella Gissurardóttir



Bolvíkingar og nærsveitamenn

PURÍÐARDAGURINN er haldinn fimmtudaginn fyrir sjómannadag að þessu sinni þann 30. maí 2019 (uppstigningardag). Markmiðið með Þuríðardegi er að gera landnámskonu Bolungarvíkur þuríði sundafylli sýnilegri og tengsl hennar við sjávarfang og sjávarútveg, minnst kvenna í Bolungarvík allt fram á þennan dag, sjómannskvenna, fiskverkunarkvenna, alþýðukvenna, hvunn dagshetja og kvenfrumkvöðla, landnema og innflytjenda og safna saman frásögnum af konum sem hafa sett sinn svip á bolvískt samfélag o.fl. En síðast og ekki síst að Bolvíkingar og gestir eigi saman góða kvöldstund á Þuríðardegi, degi formóður allra Bolvíkinga. Bolvíkingar og gestir, gleðjumst, fræðumst og njótum saman.

1. **Katrín Pálsdóttir, bæjarfulltrúi: Ávarp**
2. **Tónlistarskóli Bolungarvíkur: Tónlistaratriði**
3. **Auður Ragnarsdóttir, kennari og rithöfundur: Bolvíska blótið**
4. **Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, lektor: „Á hverju liggja ekki vorar göfugu kerlingar“ Um skráningu á sögu kvenna**
5. **Tuuli Rahni, píanóleikari: Frönsk tónlist á disk**
6. **Guðmundur Baldur Sigurgeirsson: Bolvísk kona fyrri tíma, móðir mín, Margrét Guðfinnsdóttir**
7. **Elísabet Finnbogadóttir, heilsugurú: Heilsuráð til Þuríða landins**
8. **Soffía Vagnsdóttir, athafnakona. Framtíðarpælingar**
9. **Guðrún Stella Gissuradóttir: Lokaorð**
10. **Soffía og Guðrún Stella: Frumflutningur á nýuppteknu Þuríðarlagi við ljóð Guðrúnar Sigurbjörnsdóttur**

Staður: Félagsheimili Bolungarvíkur **Dagur:** 30. maí. **Tími:** 20:00 – 22:00

Boðið verður upp á súpu úr ríki hafsins

Þuríðardagurinn er styrktur af eftirtöldum aðilum:

Bolungarvíkurkaupstað, Kampa ehf
Fiskverkuninni Jakobs Valgeir ehf, Kjörbúðin Bolungarvík, Arna ehf, Arnarlax



FAR ÞORSKS OG FISKVEIÐAR Á FYRRI ÖLDUM

Fyrst eftir landnám Íslands byggði efnahagur landsins að miklu leyti á landbúnaði. Bæði fornleifafræðilegar og sagnfræðilegar rannsóknir styðja þá kenningu að fiskveiðar hafi þróast samhliða landbúnaði en líklega ekki verið stór atvinnuvegur. Landnámsmenn stunduðu hinsvegar fiskveiðar bæði í sjó og vötnum til eigin þurfta eða til að selja á mörkuðum innanlands. Á 13. öld verður mikil breyting í eftirspurn eftir þurrkuðum fiski, fyrst og fremst þorski, samhliða auknum siglingum Evrópuþjóða. Evrópskir flotar hófu sjálfir stórtækar þorskveiðar, fyrst við Norðursjó,

en héldu síðan áfram norður Atlantshafið, meðfram strönd Noregs, til Íslands og allt að Nýfundnalandsmiðum. Á sama tíma urðu þorskveiðar heimamanna á Norður Atlantshafi, t.d. Íslendinga, vænlegur kostur til atvinnu. Merki um aukið vægi, umfang og sérhæfingu í þorskveiðum Íslendinga eftir 13. öld sjást greinilega við fornleifarannsóknir.

Fornleifaskráning og rannsóknir á verstöðvum sýna að þorskveiðar voru sérstaklega við vesturströnd Íslands, á Reykjanesi, Snæfellsnesi og Vestfjörðum (1. mynd).

Stærstur hluti beina frá þessum verstöðvum eru þorskbein, eða 80-90%. Einnig finnast aðrar tegundir, t.d. ufsi, ýsa, karfi, steinbítur og lúða en þessar tegundir hafa líklega verið til neyslu á staðnum eða til sölu innanlands.

Hvernig fornleifar á fornum verstöðvum geta varpað ljósi á líffræði í sjónum

Veiðar á þorski í atvinnuskyni eiga sér því langa sögu á Íslandi. Veiðarnar voru á „blómatíma skreiðarútflytnings“ umfangsmiklar og víða í gömlum verstöðvum er ótrúlegt magn þorskbeina að finna. Þessi bein urðu eftir á staðnum þegar fiskurinn var verkaður og seldur sem skreið. Fornleifafræðilegar rannsóknir á fornum verstöðvum gefa ekki einungis upplýsingar um efnahag og atvinnuvegi fyrri alda heldur geta líffræðilegar og lífefnafræðilegar rannsóknir á beinum fiska sem finnast við uppgröft varpað nýju ljósi á vistkerfi sjávar margar aldir aftur í tímann. Margar verstöðvar á Íslandi eru vel varðveittar, ólíkt mörgum nágrannalöndum okkar þar sem þétt byggð við strandlengjur hefur oft en ekki rutt slíkum minjum úr vegi. Þá gerir staðsetning Íslands á mótum tempraðra og heimskauta hafstrauma rannsóknir á þessu svæði sérstaklega áhugaverðar til að skoða áhrif fyrri loftslagsbreytinga á vistkerfi sjávar en á Íslandi getur verið mikill munur á sjávarhita norðan og sunnan við landið.

Kvarnir, eyrnabein fiska, finnast stundum við fornleifauppgröft þar sem varðveisluskilyrði eru góð. Kvarnir eru sérstaklega verðmætar þegar þær finnast enda bera þær í sér upplýsingar um aldur fisksins og hitastig sjávar á æviskeiði hans. Hjá sumum tegundum má nota lögum kvarna til að meta hvaða stofni einstaklingurinn tilheyrði. Þorskkvarnir hafa þannig verið notaðar til að greina fargerð og staðbundna gerð þorsks við Ísland. Í verstöðinni Breiðavík, í Barðastrandasýslu, hefur komið fram mikið magn af kvörnum við fornleifauppgröft (2. mynd)




Þorskkvarnir úr fornleifauppgræftri á Breiðavík.



Fargerðir og breytingar á fari þorsks að fornu og nýju

Rannsóknir síðustu áratuga hafa sýnt að fæðugöngur þorsks, hrygningarstöðvar og flutningur hrognna og lirfa í sjónum tengist sjávarhita. Það er hinsvegar líka þekkt að þorskur hefur ólíkar fargerðir, fargerð þorsks fer í mun lengri fæðugöngur en staðbundin gerð, norður fyrir land eða jafnvel meðfram Grænlandsströndum. Hvert fiskarnir ganga fer þó eftir hitastigi sjávar hverju sinni bæði vegna hitastigsins en ekki síður vegna þess að þorskurinn fylgir göngumynstri loðnu, sem kann best við sig í kaldara sjó.

Þar sem breytingar á fari þorsks eru vel þekktar í nútíma má vel gera ráð fyrir að sambærilegar breytingar hafi átt sér stað samhliða sveiflum sjávarhita á sögulegum tíma. Á síðustu öldum hafa verið skráðar þó nokkrar loftslagssveiflur á norðurslóðum og er „litla ísöld“, þ.e. verulegt kuldatímabil á 17. og 18. öld, vel þekkt. Það er áhugavert í þessu samhengi að skoða breytingar á því hvaða fargerðir finnast í fornleifauppgröftrum á ólíkum tímabilum. Þá má leiða líkur að því að slíkar loftslagssveiflur hafi haft margvísleg áhrif á fiskveiðisamfélög fyrri alda. Fyrir tíma stofnstærðarmats, fiskveiðistjórnunar og þekkingar á líffræði þorsksins er ekki ólíklegt að sókn hafi verið mjög mikil þegar göngur voru hagstæðar og að sótt hafi verið sérstaklega í hrygningargöngur eða jafnvel hrygningarstöðvar. Þá er líklegt að breytingar á göngumynstri þorsks hafi haft meiri áhrif á fiskveiðisamfélög innan Íslands þar sem veiðarnar voru staðbundnar og langir róðrar erfiðir og áhættusamir.



Dreifing verstöðva á vestanverðu Íslandi og fjöldi verstöðva sem voru nýttar á 17. öld og 18. öld samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín.

Höfðu loftslagsdrifnar breytingar á fiskgengd áhrif á samfélagsþróun á Íslandi?

Greiningar á lögun þorskkvarna úr fornleifauppgröftrum sýndu að þegar sögulegar þorskveiðar voru sem umfangsmestar, var landaður afli að lang mestu leyti fargerð þorsks. Á kuldaskiði 17. og 18. aldar fækkaði farþorskum um 50-70%. Niðurstöður fornleifafræðilegra og sagnfræðilegra greininga sýna hvar verstöðvar byggðust og voru þær þéttastar og fjölmennastar við vesturströnd landsins. Staðsetningar þessarra stöðva, sérstaklega þeirra stærstu á útnesjum vestanlands og við minni hrygningarstöðvar benda sterklega

til að þessar veiðum hafa gagngert verið beint að hrygningarfiski. Samanburður á veiði fyrir og eftir „litlu ísöld“ sýnir gífurlegar landfræðilegar breytingar þ.e. samþjöppun veiða á suðvesturlandi og á útnesjum (1. mynd).

Við upphaf atvinnufiskveiða á Íslandi virðast mið, og því líklega fiskgengd, hafa verið nokkuð stöðug. Þegar fiskgengd brást brugðust Íslendingar við með breyttu veiðimynstri, stundum á smáum skala t.d. með því að færa verstöðvar utar og nær göngufiski. Eftir því sem þorskgengd fyrir norðan land minnkaði, á „litlu ísöld“, þá breyttist mynstur fiskveiða á Íslandi verulega. Fiskveiðar urðu frekar bundnar við vertíðar þar sem sjómenn af norðurhluta landsins þurftu að fara um langan veg í ver. Um tíma lögðust verstöðvar á Norðurlandi nær af og við upphaf 18. aldar hafði bátum og verbúðum fækkað um 50-60% á Snæfellsnesi og Vestfjörðum en færri stöðvar leggjast af á suðvesturlandi. Þetta mynstur helst síðan mikið til óbreytt þar til á fyrri hluta 19. aldar en um miðja 19. öld hefur bátum og verum víðast hvar fjölgað umfram það sem áður var. Í lok 19. aldar rann svo árabátaöldin sitt skeið og gömlu verstöðvarnar voru yfirgefnar en með aukinni þilskipaútgærd og síðar togaraútgærd hófst nýr kafli í fiskveiðisögu Íslendinga sem ekki verður rakinn hér.

*Ragnar Edvardsson, fornleifafræðingur,
og Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, líffræðingur,
hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á
Vestfjörðum í Bolungarvík.*

ÞORSKURINN

Þorskurinn er tónlistarviðburður sem haldinn hefur verið frá 2009 en það var Ragna Magnúsdóttir sem var hugmyndasmiðurinn að viðburðinum.

Fjölmarginir listamenn hafa í gegnum tíðina komið fram á þorskinum, bæði byrjendur sem heimspektir listamenn.

Fiskvinnslan Jakob Valgeir ehf. hefur frá upphafi gefið öskju af léttisöluðum þorskhökum að launum fyrir hvern þann sem kemur fram á hátíðinni. Hátíðin er ávallt haldin á föstudeginum um sjómanna dagshelgina í bakgarði Einarshúss.





VÖRÐUR

Í SÖGU SJÓMANNADAGS BOLUNGARVÍKUR

- 1938 Þann 6. júní er sjómanna dagurinn fyrst haldinn hátíðlegur á Íslandi.
- 1938 Kristján Þórðar Kristjánsson og Óskar Halldórsson eiga frumkvæði að sjómanna degi í Bolungarvík.
- 1938 Tólf bolvískir sjómenn koma saman á heimili Gísla Hjaltasonar til þess að ræða stofnun Sjómanna dags Bolungarvíkur. Þeirra á meðal eru Kristján og Óskar.
- 1938 Gísli Hjaltason kosinn fyrsti formaður sjómanna dagsnefndar.
- 1939 Þann 29. maí er Sjómanna dagur Bolungarvíkur fyrst haldinn hátíðlegur á öðrum degi hvítasunnu.
- 1939 Sjómenn ganga fylktu liði til Hólskirkju til fyrstu sjómanna dagsmessunnar. Skrudgangur, eða hópgangur eins og hún kallast framman af, guðsþjónustan og minning sjómanna í Grundarhólskirkjugarði eru einu „atriðin“ í dagskrá sem hafa alltaf verið á sjómanna dag og aldrei fallið niður.
- 1939 Kvöldskemmtun þar sem Karla kór Bolungarvíkur syngur í Stúkuhúsinu.
- 1939 Stiginn dans fram undir morgun í Stúkuhúsinu.
- 1939 Jón Halldórsson kosinn formaður.
- 1941 Þann 30. janúar ferst mb. Baldur ÍS 6 frá Bolungarvík og með honum fjórir menn. Þar á meðal Óskar Halldórsson, annar tveggja forvígismanna sjómanna dagsins.
- 1941 Útiskemmtun haldin í fyrsta sinn.
- 1941 Kappróður fer fram í fyrsta sinn, keppa formenn og hásetar, ró á tveimur fjögramannaförum, en þar eð bátarnir voru ekki nákvæmlega jafn stórir, þá ró liðin tvisvar, þannig að bæði liðin ró báðum bátunum, og síðan er tekið meðaltal af tíma þeirra, reyndist tími þeirra svo jafn að hvorugum er dæmdur sigur.
- 1941 Stakkasund þreytt í fyrsta skipti, syntir eru 45 metrar, sex þátttakendur, Bergur Kristjánsson vinnur.
- 1941 Reiptog þreytt í fyrsta sinn, formenn og hásetar keppa, hásetar vinna.
- 1941 Kappbeiting fer fram í fyrsta sinn á sjómanna dag og eru þrettán keppendur, Halldór G. Halldórsson vinnur á 08:35:00 mínútum og stendur tími hans til 1956. Fyrsta kappbeitingarmót sem haldið var í Bolungarvík fór fram 17. nóvember 1927 og stóð sjómanna félagið Röst fyrir mótinu.
- 1941 Afhending verðlauna fer fram í fyrsta sinn.
- 1941 Bjarni Eiríksson og Einar Guðfinnsson gefa Kappróðrarvitann og Lóðarbalann, verðlaunagripa úr silfri.
- 1942 Minnisvarði um mb. Baldur afhjúpaður á sjómanna daginn í Grundarhólskirkjugarði. Hjónin Þorsteina Guðmundsdóttir og Pétur Ólafsson standa að minnisvarðanum. Sú hefð kemst á að leggja blómsveig að minnisvarðanum á sjómanna dag.
- 1942 Kristján Þórðar Kristjánsson kosinn formaður.
- 1945 Þann 2. apríl funda sjómenn í barnaskólanum og stofna félag um sjómanna daginn í Bolungarvík, fram að því hafði sjómanna dagsnefnd verið kosin árlega til að sjá um sjómanna daginn og helst það fyrirkomulag áfram eftir stofnun félagsins. Félagið heitir Sjómanna dagurinn í Bolungarvík.
- 1945 Bernódus Halldórsson kosinn formaður.
- 1946 Hálfán Einarsson kosinn formaður.
- 1948 Verzlun E. Guðfinnssonar lætur smíða róðrabáta og gefur Sjómanna degi Bolungarvíkur á 50 ára afmæli Einarssonar. Fjórir bátar með stýrimanni, heita Ægir og Rán, smíðar er Jakob Falsson.
- 1948 Sjómanna dagur Bolungarvíkur gefur fé í byggingarsjóð félagsheimilisins gegn því að fá til afnota sjómanna stofu í væntanlegri byggingu.
- 1948 Hálfán Einarsson tekur sæti í stjórn félagsheimilisins sem fulltrúi Sjómanna dagsins í Bolungarvík.
- 1949 Kristján G. Jensson kosinn formaður.
- 1950 Kristján Þórðar Kristjánsson stendur fyrir sjóvinnunámskeiðum í Bolungarvík sem voru vel sótt, bæði af eldri og yngri sjómönnum.
- 1951 Kristján Fr. Kristjánsson kosinn formaður.
- 1952 Geir Guðmundsson kosinn formaður.
- 1952 Félagshimili Bolungarvíkur vígt.
- 1953 Morgunblaðið gefur bikar fyrir kappróður kvenna.
- 1954 Þann 13. júní eru bolvískir sjómenn fyrst heiðraðir í Félagshimili Bolungarvíkur, þrír eru heiðraðir, Benjamín Eiríksson annast heiðrunina.
- 1954 Ásgeir Guðmundsson vinnur Lóðarbalann til eignar með því að vinna þrjú beitningamót í röð og fimm alls.
- 1955 Þórður Hjaltason annast heiðrun sjómanna.
- 1956 Bjarni Eiríksson og Einar Guðfinnsson gefa verðlaunabikar fyrir kappbeitingu.



- 1956 Sjómannastofan tekur til starfa, eða Lesstofa sjómanna eins og hún heitir á bréfsefni. Í bréfi sem Geir Guðmundsson ritar 8. mars 1968 segir að Lesstofa sjómanna hafi verið rekin síðastliðin 12 ár. Í síðari skrifum notar Geir árið 1959 sem upphafsár, samanber umfjöllun um Lesstofu sjómanna í Sjómannablaðinu Víkingi, s. 43, 2. tbl. 41. árg. 1979. Ofangreint bréf Geirs, hönnun merkis Sjómannastofunnar og bókaþjóf sem sagt er frá hér á eftir benda til þess að 1956 sé nærri lagi. Þá eru varðveitt drög að samningi um smíði á innréttingu fyrir Sjómannadaginn í Bolungarvík samkvæmt teikningu og verklýsingu Sveins Kjarvals, arkitekts, og á verkinu að vera lokið 1. apríl 1959.
- 1956 Sigurjón Sveinbjörnsson vinnur beitningakeppnina á 08:34:70 mínútum og metið frá 1941 fellur.
- 1957 Merki Sjómannastofunnar teiknað af Stefáni Jónssyni á Teiknistofu Stefáns Jónssonar.
- 1957 Þann 20. maí ánafnar Sigurborg Kristjánsdóttir Sjómannastofunni bókasafn sitt sem verður uppistaðan í bókasafni Sjómannastofunnar.
- 1959 Guðmundur Einarsson frá Miðdal gefur Sjómannastofunni stytta af sjómanni með lúðu á bakinu.
- 1960 Íshúsfélag Bolungarvíkur gefur Sjómannastofunni málverk af Bolungarvík eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal.
- 1960 Íshúsfélag Bolungarvíkur gefur silfurbikar fyrir kappróður karla.
- 1962 Guðmundur Kristjánsson flytur erindi á fundi Lionsklúbbs Bolungarvíkur þar sem hann kynnir hugmynd um minnismerki bolvískra sjómanna.
- 1962 Keppt í hanahoppi.
- 1963 Þann 13. apríl er almennur fundur sjómanna í Bolungarvík og einróma samþykkt að styðja við byggingu minnismerkis bolvískra sjómanna.
- 1965 Karamelluát fer fram á sjómannadaginn milli nokkurra skipstjóra, Hálf dán Einarsson og Finn bogi Jakobsson eru jafnir.
- 1969 30 ára afmæli Sjómannadags Bolungarvíkur.
- 1969 Benjamín Eiríksson fær afhent kvæðasafn Stephans G. Stepanssonar frá Sjómannadegi Bolungarvíkur en Benjamín hafði annast heiðrun allra sjómanna utan ársins 1955.
- 1969 Geir Guðmundsson annast heiðrun sjómanna.
- 1969 Örnólfur Grétar Hálf dánarson sæmdur afreksbjörgunarverðlaunum Sjómannadagsins 1969 í Laugardal í Reykjavík.
- 1969 Sjómannadagsballið sagt vera fjölmennasti dansleikur ársins í Bolungarvík.
- 1969 Ríkið byrjar að styrkja Sjómannastofuna í formi byggingar- og bókastyrks.
- 1970 Sjómannadagur Bolungarvíkur kynnir hreppsnefnd Hólshrepps það álit bolvískra sjómanna að fyrirhugaðan fiskiðnaðarskóla á vegum ríkisins ætti að reisa í Bolungarvík.
- 1970 Sr. Þorbergur Kristjánsson leitar til Sjómannadagsins í Bolungarvík fyrir hönd stjórnar Kirkjubyggingarsjóðs Bolungarvíkur um styrk til byggingar nýrrar kirkju í Bolungarvík.
- 1972 Geir Guðmundssyni fær málverk að gjöf á kvöldskemmtun sjómannadagsins og þökkun störf síðastliðin 20 ár.
- 1972 Ríkið byrjar að veita Sjómannastofunni rekstrarstyrki.
- 1973 Gúmmibáti kastað í sjóinn og hann blásinn út og sýnt það sem slíkum bátum fylgir.
- 1973 Gúmmibátur með utanborðsvél sýndur.
- 1973 Belgjaslagur fer fram í fyrsta sinn.
- 1974 Sjávarútvegsráðherra skipar nefnd til að semja frumvarp til laga um þátttöku ríkissjóðs í stofnun og rekstri sjómannastofa.
- 1974 Lionsklúbbur Bolungarvíkur samþykkir að gangast fyrir því að byggð verði verbúð í gömlum stíl sem líkust því er gömlu verðbúðirnar voru að ytra og innra útliti. Jafnframt því verði þar komið fyrir munum þannig að verðbúðin verði um leið eins konar sjóminjasafn er varðveiti gamlar minjar um líf og starf bolvískra sjómanna. Verðbúðin verði jafnframt minnismerki um bolvíska sjómenn en ekki hafði orðið að byggingu minnismerkis sjómanna í Bolungarvík. Lionsklúbburinn kys sérstaka nefnd, verðbúðar- og minnisvarðanefnd, til að annast þetta mál.
- 1976 Nefnd á vegum Ungmennafélags Bolungarvíkur leitar eftir styrk frá Sjómannadeginum í Bolungarvík vegna kaupa og uppsetningar nýrrar skíðalyftu.
- 1976 Lionsklúbbur Bolungarvíkur leitar til Sjómannadagsins í Bolungarvík um þátttöku í nefnd félaga sem ætlað er að flýta byggingu dagheimilis milli Hjallastrætis og Hlíðarstrætis.
- 1976 Björgunarsveitin sýnir ýmis tæki og notkun þeirra.
- 1976 Sjómannadagur Bolungarvíkur fær bréf frá Trefjaplasi hf. á Blönduósi sem er tilboð um kaup á sexrónum kappróðrabátum. Í tilboðinu kemur fram að slíkir bátar hafi verið notaðar í Vestmannaeyjum og á Húsavík á sjómannadag 1976. Fjórrónir bátar Verzlunar E. Guðfinnssonar eru áfram í notkun næstu árin.
- 1977 Þann 30. janúar er Sundlaug Bolungarvíkur á vegum Bolungarvíkurkaupstaðar opnuð.
- 1978 Stefán Jónsson, Teiknistofunni Höfða, gerir fána Sjómannadags Bolungarvíkur.
- 1978 Hátíðarhöldin hefjast á siglingu með börn til móts við skip frá Ísafirði, áður byrjuðu hátíðarhöldin ávallt á hópöngu til Hólskirkju.



Kristján Þórðar Kristjánsson, annar tveggja forvígismanna Sjómannadags Bolungarvíkur



Óskar Halldórsson, annar tveggja forvígismanna Sjómannadags Bolungarvíkur.



Sjómannadagur 1941-44, hvítu kollarnir eru karlakór.



Komið úr hátíðarsiglinu á sjómannadag.



Fjórrónir kappróðrabátar Jakobs Falssonar.



Naglaboðhlaup á sjómannadag.



Reiptog á sjómannadag.



Stjórn Sjómannadags Bolungarvíkur til margra ára. Jón Elíasson, Geir Guðmundsson og Sigurjón Sveinbjörnsson. Málverk Guðmundar frá Miðdal.



Ásgeir Guðmundsson vann Lóðarbalann til eignar 1954.



Reiptog á Félagsheimilistúinu.



Kappróður á nýju trefjaplastbátunum, áralag með besta móti.



Ölver í Ósvör við tökurlauna Verstöðinni Íslandi 1991. Mynd: Geir Guðmundsson.



Porlákur fer í hátíðarsiglingu 2009. Mynd: Bjarni Benediktsson.



Finnbogi Bernóðusson í Ósvör 2010. Mynd: Ágúst Atlason.



Kvinnasveit að gera klárt 2014. Mynd: Bjarni Benediktsson.



Skrúðgangan kemur að Hólskirkju 2015. Mynd: Helgi Hjálmtýsson.



Sirry ÍS 36 fer í hátíðarsiglingu í fyrsta sinn 2016.



- 1978 Nýr fáni Sjómannadags Bolungarvíkur borinn í hópögungni til Hólskirkju.
- 1978 Knattspyrnuleikur fer fram milli togarasjómannna og bátasjómannna.
- 1978 Byggingarnefnd fyrir aldraða á vegum Bolungarvíkurkaupstaðar óskar eftir aðkomu Sjómannadags Bolungarvíkur að byggingu sex íbúða fyrir aldraða með möguleika á eignaraðild.
- 1979 40 ára afmæli Sjómannadags Bolungarvíkur.
- 1979 Kvennadeild Slysavarnarfélagssins Landsbjargar í Bolungarvík heldur sitt fyrsta fjáröflunarkaffi á sjómannadag. Sjómannadagskaffið hefur verið haldið af deildinni síðan utan ársins 1981. Áður höfðu sjómanskönur staðið fyrir sjómannadagskaffi í einhvern tíma.
- 1980 Hátíðarhöldin hefjast með siglingu á laugardegi en önnur dagskráratríði eru áfram á sjómannadegi.
- 1982 Síðasta sinn sem keppt er á bátunum sem Verslun E. Guðfinnssonar gaf í tilefni af 50 ára afmæli Einars Guðfinnssonar.
- 1982 Markúsaranet sýnt hátíðargestum.
- 1983 Fyrsta sinn sem keppt er á sexrónum kappróðrabátum úr trefjaplasi sem framleiddir voru af Trefjaplasi hf. á Blönduósi, bátarnir heita áfram Ægir og Rán.
- 1984 Kappbeiting fer fram en þá hafði það atriði legið niðri í nokkur ár.
- 1985 Þyrla Landhelgisgæslu Íslands kemur, sýnir björgun og var almenningi til sýnis.
- 1986 Drengur leggur í fyrsta skipti blómsveig að minnisvarða sjómanna, áður höfðu eingöngu stúlkur gert það.
- 1987 Alþingi setur lög um sjómannadag nr. 20/1987 um að árlega skuli haldinn sjómannadagur, almennur frídagur sjómanna sem jafnframt skuli vera almennur fánadagur á Íslandi.
- 1987 Verbúðin sem reist var við Lambhaga endurreist í Ósvör.
- 1988 Þann 4. júní, laugardag fyrir sjómannadag, er sjóminjasafn í Turnhúsinu á Ísafirði vígt.
- 1989 50 ára afmæli Sjómannadags Bolungarvíkur.
- 1989 Sexæringurinn Ölver siglir á Víkinni laugardaginn fyrir sjómannadag.
- 1989 Hátíðarsigling með varðskipinu Tý laugardaginn fyrir sjómannadag.
- 1989 Heiðrun sjómanna fer í fyrsta skipti fram í Hólskirkju.
- 1989 Guðmundur Jakobsson smíðar og gefur Sjómannadegi Bolungarvíkur fánastangir.
- 1991 Sjómannadagur Bolungarvíkur færir Geir Guðmundssyni ágrafinn stein í tilefni af sextugsafmæli hans.
- 1991 Nýtt magnarakerfi sem félagasamtök sameinuðust um að kaupa tekið í notkun.
- 1993 Ungir menn sýna keyrslu snjósleða á tjörn við hesthús.
- 1994 Hvorki fer fram kvöldskemmtun né dans á sjómannadegi ársins.
- 1995 Hátíðarsigling með varðskipinu Óðni.
- 1996 Þann 2. júní eru Minningaröldur sjómannadagsins vígðar í Fossvogskirkjugarði.
- 1996 Hátíðarsigling fellur niður þar sem ekkert skip fæst í hana og almennt er dræm þátttaka í hátíðarhöldum.
- 1997 Hátíðarsigling og dansleikur falla niður.
- 1998 Netagerð Vestfjarða gefur Sjómannadegi Bolungarvíkur tvískorna talú fyrir kappróðrabátana.
- 1998 Hátíðarsigling fellur niður.
- 1999 60 ára afmæli Sjómannadags Bolungarvíkur.
- 1999 Hátíðarsigling með varðskipinu Tý.
- 1999 Við kappróður er engin sveit frá sjómönnum en af fimm sveitum eru þrjár kvennasveitir.
- 1999 Elías Ketilsson sýnir þróun handfæra síðastliðin 50 ár.
- 1999 Límmiðar seldir sem á stendur Sjómannadagurinn í Bolungarvík 60 ára.
- 2000 Hátíðarsigling og dansleikur falla niður.
- 2001 Hátíðarsigling og dansleikur falla niður.
- 2001 Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, er viðstaddur hátíðarhöldin.
- 2002 Í bréfi til bæjarráðs Bolungarvíkur lýsir Sjómannadagur Bolungarvíkur sig andvigan öllum breytingum á efri hæð Félagsheimilis Bolungarvíkur þar sem áætlað er að taka herbergi aðildarfélaganna undir sal og snyrtiaðstöðu.
- 2002 Aðeins tvö atriði eru á dagskrá Sjómannadags Bolungarvíkur; hópanga til kirkju og minning sjómanna í Grundarhólskirkjugarði og; útiskemmtun við höfnina.
- 2003 Síðasta árið sem Geir Guðmundsson kemur að Sjómannadegi Bolungarvíkur eða 51 ár hans sem formaður.
- 2003 Um vorið eru liðin 100 ár frá því að Stanley, fyrsti vélbáturinn á Íslandi, hóf róðra frá Bolungarvík og af því tilefni er hvatt til hátíðarsiglingar sem tókst vel.
- 2003 Sjóarahátíð Bolungarvíkur haldin, sérstök hátíð til viðbótar við hefðbundna hátíðardagskrá Sjómannadagsins. Hefst á fimmtudegi og lýkur á sjómannadegi, hátíðarkvöldverður og dansleikur á laugardegi en útiskemmtunin áfram á sjómannadaginn. Nýstofnað fyrirtæki í eigu kvenna, YSJA, stendur að hátíðinni í samvinnu við menningarráð Bolungarvíkur, Finnabæ, Náttúrustofu Vestfjarða, sjómenn og fleiri aðila.



- 2003 Minningarskjöldur um Stanley afhjúpaður við höfnina.
- 2003 Geir Guðmundsson les upp orðsendingu frá stjórn Sjómannadags Bolungarvíkur um að 2003 verði síðasti sjómannadagurinn sem stjórnin komi að.
- 2003 Sýning á veiðarfærum sem notuð hafa verið í Bolungarvík.
- 2003 Ljósmyndasýning og -samkeppni sjómanna á hafi úti.
- 2003 Söngvarakeppni 9-12 ára barna, sjómannalög eingöngu.
- 2003 Kajakleiga við Syðridalsvatn.
- 2003 Engin sveit kemur frá sjómönnum í kappróðurinn, fjórar kvennasveitir kepptu og tvær karlasveitir.
- 2003 Þann 18. október er vígður minnisvarði um horfna, látna og drukknada í Grundarhólskirkjugarði. Við minnisvarðann er fjörugrjót sem raðað er í kross og á steinana má grafa nöfn þeirra sem horfið hafa og hvíla í fjarlægð, í votri gröf eða annars staðar. Listaverk eftir Elíabetu Haraldsdóttur prýðir minnisvarðann. Minnisvarðinn er gefinn til minningar um Guðfinn Einarsson útgerðarmann, gefendur eru ekkja hans, María Haraldsdóttir, og börn þeirra.
- 2004 Geir Guðmundsson gerir skrá yfir eignir Sjómannadags Bolungarvíkur og skilar inn gögnum til bæjarskrifstofu.
- 2004 Undirbúningshópur stofnaður með tveim fulltrúum Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, tveim fulltrúum slysavarnarstarfseminnar og tveim frá smábátafélaginu Hörpu. Yfirhafnarvörður, Ólafur Svanur Gestsson, er skipaður fyrir hópnum og með því má segja að Bolungarvíkurkaupstaður hafi tekið við umsjón með sjómannadeginum.
- 2004 Sjóarahátíð Bolungarvíkur. Útiskemmtunin færð yfir á laugardaginn fyrir sjómannadag í fyrsta sinn. Á sjálfan sjómannadag er skrúðgangan, guðsþjónustan, heiðrun sjómanna, minning sjómanna í Grundarhólsgarði og kaffisamsæti Kvinnadeildar Landsbjargar.
- 2004 Hátíðarmessan færð til kl. 14:00 á sjómannadag en hafði áður ávallt verið kl. 11:00.
- 2004 Varðskipið Ægir er viðstatt hátíðarhöldin og fer í hátíðarsiglingu á laugardag fyrir sjómannadag.
- 2005 Fiskasýning við höfnina.
- 2005 Þyrla Landhelgisgæslu Íslands sýnir björgunaræfingar.
- 2007 Sjóarahátíð í Bolungarvík.
- 2007 Sigurður Hjartarson annast heiðrun.
- 2008 Sjóarahátíð í Bolungarvík.
- 2009 Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir heldur utan um sjómannadaginn og einnig árið á eftir.
- 2009 Þorskurinn fyrst haldinn í tengslum við sjómannadaginn.
- 2010 TF-GNÁ, þyrla Landhelgisgæslunnar í heimsókn.
- 2011 Þann 15. janúar er Félagsheimili Bolungarvíkur opnað á ný eftir miklar breytingar og endurnýjun. Framkvæmdir höfðu staðið yfir í nokkur ár með hléum. Formlega má segja að þá hafi Sjómannastofunni verið lokið.
- 2011 Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir annast heiðrun.
- 2012 Lisbet Harðardóttir heldur utan um sjómannadaginn.
- 2013 Gústaf Gústafsson heldur utan um sjómannadaginn.
- 2013 Varðskipið Þór leiðir hátíðarsiglingu.
- 2013 Menningar- og ferðamálaráð Bolungarvíkur og Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur veita Landhelgisgæslu Íslands heiðursviðurkenningu.
- 2013 Hugprúði Bolvíkingurinn, leikrit um Bjarna Bárðarson og frækilegt björgunarflek hans og minnismerki komið upp við höfn.
- 2014 Þann 29. maí er Þuríðardagurinn fyrst haldinn í tengslum við sjómannadaginn.
- 2014 Þann 5. júní er vígður minnisvarði við Stigahlíð í Bolungarvík um mesta sjóslys Íslandssögunnar þegar QP-13 skipalestin sigldi inn í tundurduflabelti norður af Aðalvík á Vestfjörðum.
- 2015 Helgi Hjálmtýsson heldur utan um sjómannadaginn.
- 2016 Kappróðrabátar endurbættir og málaðir.
- 2016 Sirrý ÍS 36 tekur í fyrsta skipti þátt í hátíðarsiglingu.
- 2016 Fjórum stöðvum stillt upp fyrir beitningakeppni en engir keppendur fást, keppnin hefur legið niðri mörg ár á undan.
- 2017 Minningarbekkur um Guðna Kristján Sævarsson settur upp við Sjávarbraut. Aðstandendur standa að uppsetningu.
- 2017 TF-SÝN, þyrla Landhelgisgæslunnar, nær að lenda á Brjótum en er strax kölluð út.
- 2018 Þann 4. febrúar er haldið kaffisamsæti til minningar um Heiðrunu II ÍS 12 og þá sex menn sem fórust með henni aðfararnótt 5. febrúar 1968.
- 2018 Fánar settir í stafn og skut kappróðrabátanna.
- 2018 Tunnulestin vígð í tengslum við sjómannadag.
- 2018 Varðskipið Týr til sýnis almenningi.
- 2018 Farið með varðskipinu Tý á þann stað sem síðast var vitað af Heiðrunu II að talið er og þar varpað á hafflötinn tveimur blómsveigum.
- 2018 Elías Ketilsson annast heiðrun sjómanna.
- 2018 Varðskipsmenn af Tý standa heiðursvörð við minningu sjómanna.
- 2018 Trompet-leikari byrjar og endar minningu sjómanna.
- 2018 Sýnd heimildarmyndin Brotið um Dalvíkursjóslysins 1963.



- 2019 Nýtt björgunarskip kemur frá Noregi til Ísafjarðar á vegum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar. Nýja skipið er nefnt Gísli Jónsson.
- 2019 Nýtt björgunarskip Ernís kemur til Bolungarvíkur.
- 2019 80 ára afmæli Sjómannadags Bolungarvíkur.

Hér hafa verið taldar upp vörður í sögu Sjómannadags Bolungarvíkur eða í tengslum við sjómannadaginn og málefni sjómanna og aðstandenda þeirra. Upptalningin byggir að miklu leyti á gögnum frá þeim tíma sem Geir Guðmundsson var formaður. Auk þessa eru ónefndar fjölmargar fégjafir sem Sjómannadagur Bolungarvíkur og Sjómannastofan fengu frá mörgum aðilum. Þakkir eru færðar Unu Halldóru Halldórsdóttur og Sólrúnu Geirsdóttur fyrir aðstoð og myndir.

Helgi Hjálmtýsson tók saman.



Leikrit sýnt við félagshemilið 2017. Mynd Haukur Sigurðsson.



Þyrlusigsveit Björgunarsveitarinnar Ernís í Bolungarvík 2017. Mynd: Helgi Hjálmtýsson.



Flekaflaup á sjómannadag 2017. Mynd: Haukur Sigurðsson.



Jóhann Hannibalsson rær sexæringnum Ölver frá Ósvör til Bolungarvíkur 2018. Mynd: Haukur Sigurðsson.



Týr í suðvestanátt í Bolungarvík á leið í hátíðarsiglinu 2018. Mynd: Helgi Hjálmtýsson.



Tunnulestinn leggur af stað 2018. Mynd: Helgi Hjálmtýsson.



ÓSVÖR!

ORT Í MINNINGU ELÍASAR ÞÓRARINS MAGNÚSSONAR OG ALLRA ANNARRA FRÁ BOLUNGAVÍK SEM HAFIÐ TÓK.

Brennur sól á stafni
sefur búðin enn.
Heyrist krunk í hrafni
héðan réru menn.

Þá var þyngra lífið
þreyttir oft um borð.
Djúpið illt og úfið
enginn sagði orð.

Réru þeir á þóftu
þegar aldan skók.
Sættu lag'i og lentu
landið við þeim tók.

Afla skipt og unninn
öllu kunnu skil.
Þá var Röðull runninn
rökkur komið til.

Hrár var svefn og stuttur
sjórinna ekkert val.
Grimmur flár og fyrstur
fyrirvinnu stal.

Garpar þessir gengnir
gangan öll var stíf.
Þeirra elja undir
okkar byggðu líf.

*Aðfangadagur jóla 2018
Guðmundur Hagalín
frá Hrauni Ingjaldssandi*



ALLTAF NÝBAKAÐ Í NETTÓ

- Glæsilegt úrval af girnilegu bakkelsi -
Nettó Ísafirði, Hafnarstræti 9. Opnið alla daga frá 10 - 19





SJÓMINJASAFNIÐ ÓSVÖR

SJÓMINJASAFNIÐ ÓSVÖR ER ENDURBYGGÐ VERSTÖÐ SEM STENDUR AUSTAST Í BOLUNGARVÍK.

Verstöðvar á Íslandi á 18. og 19. öld skiptust gjarnan í fjóra flokka. Fyrst ber að nefna heimverin, en þá átti hver sveitabær sína heimvör sem róið var frá hverju sinni. Ef margir sveitabær lágu saman og fjölbýlt var, sameinuðust menn um heimvör. Útverin svokölluðu, voru andstæðan við heimverin, en þá yfirgáfu menn bæi sína og dvöldu í útvörinni á meðan vertíð stóð. Viðleguver var svo þriðja tegundin, en frá þeim réru aðkomumenn sem höfðu aðsetur á nálægum sveitabæjum. Fjórða afbrigðið var blandað ver. Þaðan réru aðkomumenn úr öðrum héruðum og dvöldu í verbúðunum yfir vertíðina, auk þess sem heimamenn réru einnig.

Flestar verstöðvanna voru á Vestfjörðum, eða 125 af þeim 326, sem talið er að hafi verið á landinu í upphafi 18. aldar. Voru það bæði heimver og útver. Verin voru þá yfirleitt staðsett utarlega í fjörðunum þar sem stutt var á miðin. Á Brunnasandi, í Tálknafirði, í Arnarfirði, í Dýrafirði og í Önundarfirði voru staðsett stærstu útverin í fjörðungnum sem og í Bolungarvík, sem var stærsta og elsta verstöðin við Ísafjarðardjúp.

Með heimsókn í Ósvör má fá góða mynd af verbúðalífi fyrri alda. Jafnan er á staðnum safnvörður sem tekur á móti gestum íklæddur endurgerðum sjóklæðum, en með því er reynt að fanga anda liðinna tíma í lifandi leiðsögn.

Safnið samanstendur af tvöfaldrum 19. aldar verbúð, salthúsi, fiskreit og þurrkhjalli. Í safninu eru einnig til sýnis veiðarfæri og ýmis tæki og tól sem notuð voru við veiðar og fiskverkun á öldum áður.

Á meðal sýningagripa er áraskipið Ölver sem gefur góða mynd af þeim skipum sem notuð voru til fiskveiða fyrr á öldum. Ölver er sexæringur, smíðaður árið 1941 af Jóhanni Bárðarsyni skipasmið frá Bolungarvík og var hann smíðaður samkvæmt gömlu Bolvísku lagi. Bolvísku lagið byggði á góðri sjóhæfni, bátarnir voru hraðskreiðir, létt rónir, góðir til siglinga og léttir og stöðugir í lendingu.





ÓSKUM SJÓMÖNNUM OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN



*Jakob Valgeir ehf.
óskar sjómönnum
og fjölskyldum þeirra
til hamingju
með sjómannadaginn!*

 **JAKOB VALGEIR EHF**

